



Fyrirverandi sambýlismaður
Ingu rændi hana aleigunni


Réttur
neytenda
á fordæma-
lausum
tímum

20. MARS 2020 / 12. TBL. 111. ÁRG. / VERD 995 KR.



ALLT STOPP Í HOLLYWOOD

DRV



Í KLÓM COVID

■ Áhrif COVID-19 á Íslendinga í útlöndum ■ Hitamæling í verslunarmiðstöðvum
■ Herinn kallaður til þegar fólk stelst úr sóttkví ■ Ottast óeirðir og ringulreið



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Webasto
Feel the Drive

Bilasmíðurinn hf. Bildshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmidurinn.is - bilasmidurinn@bilasmidurinn.is



Fleyg orð

„Velgengni er verstí kennarinn. Hún fær fólk til að halda að það muni aldrei tapa í lífinu.“

– Bill Gates

Á þessum degi, 20. mars



1908 – Kveikt var á núverandi Reykjanesvita.



44 f.Kr. – Júlíus Cesar var borinn til grafar.



1956 – Túnis fékk sjálfstæði frá Frakklandi.



1969 – John Lennon og Yoko Ono giftu sig á Gíbraltar.



2015 – Almyrkvi á sólu gekk yfir Atlantshaf, Færeyjar, Svalbarða og norðurlódir og sást mjög vel á Íslandi.

LJÓÐ Í COVID-MYRKRI

■ Góðmennskan blómstrar í miðjum heimsfaraldri
■ Margar hendur vinna létt verk

Erla Dóra
erladora@dv.is



Þegar neyðin er stærst, þá er hjálpin næst – segir málsátturinn. Fréttir þessa dagana snúast að mestu leyti um þann fordæmalausan faraldur sem geisar hér á landi og um heiminn allan. En fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott. Hér er smá listi yfir jákvæðar fréttir sem okkur hafa borist, mitt í erfiðleikum, og eiga þeir sem að baki þeim standa hrós skilið.

Engin leiga

Leigufélagið Þórsgarður ætla að veita leigjendum sínum tvo leigulausa mánuði til að koma til móts við leigjendur á þessum erfiðu tímum. Önnur leigufélög mættu leika þennan leik eftir.

Einkabjálfarar og íþróttamenn

Nokkrir einkabjálfarar og íþróttamenn, svo sem Gurrý og Annie Mist, hafa tekið sig til og deilt myndböndum af æfingum sem gera má heima. Þetta er frábært framtak og hvetur DV lesendur sem eru fastir heima við til að kíkja á slík myndbönd og huga vel að heilsunni.

Tónlistarmenn og tónlistarkonur

Landsþekkt tónlistarfólk mætti fyrir utan Hrafnistu og gerði íbúum þar dagamun með tónlistarflutningi. Nú eru heimsóknir til eldri borgara afar takmarkaðar sökum þess að um áhættuhóp er að ræða og því um einstaklega fallegt framtak að ræða.



Veitingastaðir

Margir veitingastaðir, sem áður hafa ekki boðið upp á heimsendingar eða „take-away“-möguleika hafa svarað kallinu og senda nú heim að dyrum eða bjóða viðskiptavinum að sækja mat til að taka heim. Þetta eru flottar aðgerðir sem bæði nýtast þeim sem fastir eru heima við eða vilja síður sitja í matsal þar sem um getur verið að ræða smíthættu. Eins hafa sumir staðir boðið upp á sérstök tilboð eða fríar máltíðir fyrir börn sem mörg eru heima við sökum takmarkana á skólaveru eða verkfalla.

Skólar

Skólar landsins hafa staðið í ströngu við að endurskipuleggja starfsemi sína næstu vikurnar. Ekki er þar um létt verk að ræða.

Skólaskylda er í grunnskólum landsins og til að staðan komi ekki niður á menntun þá hafa rafræn úrræði verið virkjuð, fjarkennsla, og foreldrar barna hvattir til að kenna börnum sínum heima. Framhaldsskólar og háskólar virkja fjarkennslu. Ekki hefur gefist langur tími til að skipuleggja og framkvæma þessi úrræði og því má alveg skila hrósi til skólanna, því þar á það heima.

Góðir samborgarar

Margir sem státa af góðri heilsu og tilheyrta ekki áhættuhópum hafa stigið fram og boðist til að aðstoða þá sem eru fastir heima við. Fólk hefur boðist til að sækja matvöru og annað fyrir þá sem ekki komast frá og enn aðrir hafa staðið fyrir söfnunum til að aðstoða þá sem

ekki hafa fjárhagslegt bolmagn til að hafa ofan í sig og sína. Þetta er gott dæmi um hvernig erfiðleikar eiga til að kalla fram það besta í fólk og samfélögum og eiga þessir óeigingjörnu einstaklingar einlægt hrós skilið.

Samstaða með ekkju ferðamanns

Ferðamaður sem lést á Húsavík skilur eftir sig eiginkonu sem var með honum á ferðalaginu. Bæði reyndust þau jákvæð fyrir COVID-19 veirunni og þurfti því ekkjan að fara í einangrun á einum erfiðasta tíma lífs hennar, fjárrí ástvinum. Íslendingar tóku sig saman og vottuðu ekkjunni samúð síðna og sendu henni stuðningskveðjur í gegnum síðu á Facebook sem var helguð þeim tilgangi. ■

5 óvæntar afleiðingar kórónaveirunnar

Það er vítað og skjalfest að COVID-19 hefur gífurleg áhrif á efnahaginn um allan hnöttinn. Hins vegar er þörf á að svara fleiri spurningum um afleiðingar og útkomu á ýmsu öðru. Hér eru fimm óvæntar afleiðingar kórónaveirunnar og útbreiðslu hennar.

Geimurinn þarf að bíða

2020 átti að vera geimárið mikla. Ýmsar fyrirhugaðar ferðir hjá geimferðastofunni NASA verða að öllum líkindum settar á bið. Skipulagið í kringum þær ferðir sem eru í vinnslu er ekki alltaf vænlegt til aðlögunar þeim breytingum sem veiran hefur valdið. Sem dæmi stóð til að senda svonefndan flakka til mars og átti að skjóta honum upp næstkomandi júlí. Nú mun það ekki gerast fyrr en í byrjun árs 2022, hið fyrsta.



Sprengja í desemberbörnum

Þegar fólk kemur saman í sóttkví, sérstaklega af sittthvoru kyninu, geta hinir merkilegustu lífstöfrar gerst þegar kertaljósíð er kveikt. Athöfnum sem fjölga á meðan lítið er farið út fyrir dyr. Þegar þú leggur saman einn og einn færðu yfirleitt tvo foreldra.

Streymi, meira streymi

Kvikmyndaáðsókn verður aldrei slakari en árið 2020. Neyðaróp kvikmyndahúsa og stórra bíómyndaframleiðenda mun þurfa að reida sig á eitthvað magnað (nei, ekki Avatar 2) til þess að stíga upp úr stofusófanum við heimaleiguna, nánast krefjandi áhuga, allt að því óhugsandi. Allt er þó mögulegt.



Allt unnið heima

Ávani fólks að sækja í umheiminn í gegnum símann eða tölvuna mun fimmfaldast, eða svo má ætla. Margir sem finna fyrir veikindum eða lenda í sóttkví munu framkvæma allt hið mögulega í gegnum netið, sem aldrei fyrr. Markaðurinn mun svara kallinu og við getum endanlega jafnvel farið að kveðja fólk í ýmsum afgreiðslu- eða gjaldkerastörfum.

Náungakærleikurinn eykst

Faraldrar og fordæmalausar aðstæður skapa vissulega ákveðna ringulreið, sem mun um leið draga fram það versta í sumum. Þegar við stöndum hins vegar öll saman koma geta afleiðingarnar líka orðið jákvæðar með eindæmum. Þegar hjólin hættu að snúast í heiminum, efnahagslega til dæmis, sitjum við öll í sömu súpunni – en hver og einn hefur sína bragðtegund.





Luxaflex®



Luxaflex®
Duette® gluggatjöld



Luxaflex Duette býður upp á hundruð mismunandi efna sem gerir það mögulegt að sameina áferðir, liti og flekabreiddir. Með Duette lausnum getur þú gert heimili þitt einstakt. Duette er hægt að fá rafstýrð með **Luxaflex Power View**. Komdu við í sýningarsal okkar að Smiðjuvegi 9 og skoðaðu möguleikana eða kíktu á www.zenus.is.

ZENUS | SMÍÐJUVEGI 9 | 200 KÓPAVOGI | S: 554 2450 | www.zenus.is



ZENUS

Hver er hann?



■ Hann her fæddur árið 1953 í Reykjavík.

■ Hann hefur stundað maraþonhlaup reglulega.

■ Hann varði doktorsverkefni sitt í lýðheilsuvísindum við Læknadeild Háskóla Íslands.

■ Hann afhenti Menntaskólunum að Laugarvatni fyrsta smokkasjálfsala framhaldsskóla árið 2018.

■ Hann hefur verið mikið í fjölmiðlum undanfarnar vikur.

VAR: ÞÓRLEIFUR GUÐNÁSON

Það er staðreynd að...



Maður þjáist af dendrófóbíu ef manni er illa við að vera nálægt trjám eða er dauðhræddur við þau.



Brautristin var fyrst sett á markað í Bandaríkjunum árið 1909.



Á tímum seinni heimsstyrjaldar lærði Elísabet II Englandsdrottning bifvélavirkjun.



Svín eru einu dýrin ásamt mannfólkinu sem geta sólbrennið.



Hjartakóngurinn er eini kóngurinn í spilastokknum sem er ekki með yfirvaraskegg.

FYRRVERANDI SAMBÝLISMAÐUR RÆNDI INGU ALEIGUNNI

■ Hvorki lögregla né réttarkerfið vildi hjálpa ■ Komst að því að málið væri hjá Hæstarétti eftir að dómur féll

Erla Dóra
erladora@dv.is



Árið 2016 var fótunum kipt undan Ingu Jónu Traustadóttur. Fyrirverandi sambýlismaður hennar rændi hana aleigunni og hvorki lögregla né réttarkerfið gat hjálpað henni að endurheimta hana. Eftir sat hún með sárt ennið og þurfti að byggja líf sitt aftur upp frá grunni. Inga Jóna hafði áður verið í fjárhagserfiðleikum og endaði á vanskilaskrá. Það var þess vegna sem sambýlismaður hennar var einn skráður fyrir húsnæði sem þau keyptu meðan á sambúðinni stóð. Hún átti því engan rétt þegar sambandi þeirra lauk.

Rauk út með svívirðingum og hótunum

Sambúð hennar og sambýlismanns hennar lauk árið 2016. Að sögn Ingu hafði hann þá yfirgefið húsnæðið með svívirðingum og hótunum og sagt henni og dóttur hennar að hypja sig. Hann hafði beitt hana andlegu ofbeldi í sambandinu og fleygði gjarnan í hana hlutum í skapofsaköstum svo hótanirnar tók hún alvarlega. Dóttir hennar, 16 ára, varð vitni að þessu og var það henni mikið áfall. Í kjölfarið reyndi Inga Jóna að fá að leigja húsnæðið áfram, því dóttir hennar var þarna í fjölbrautaskóla og undi hag sínum vel, en áður hafði hún átt erfitt uppdráttar. Þessu gekk maðurinn ekki að og vildi þær út hið fyrsta. Inga reyndi að finna húsnæði en á meðan hallaði hratt undan fæti hjá dóttur hennar og var Ingu sjálfri vísað á Kvennaathvarfið sem vildi þó ekkert fyrir hana gera, því hún hefði húsnæði sem fyrirverandi hennar byggði ekki í þessa stundina. Ekki var horft til þess að Inga gat á þeim tíma ekkert sofð. Hún bjóst alltaf við því að vakna með manninn yfir sér, því hann hafði lykla að húsnæðinu og aðgangskóða að þjófavarnarkerfi. Hún fékk þó skjól hjá syni sínum rúmum mánuði eftir sambandsplitin, pakkaði því eigum sínum niður með hraði og flutti þær í geymslu hjá Geymslum Eitt. Til að fá geymslu leigða þarf að leggja fram kreditkort til tryggingar. Hún fékk því að skrá kort fyrirverandi en var þó sjálf greiðandi og tók skýrt fram að hún óttaðist að hennar fyrirverandi reyndi að fjarlægja eigurnar. Mánuði síðar kom á daginn að ótti hennar var á rökum reistur.

Lögreglan neitar að rannsaka

„Sæl vildi láta þig vita að ég hef læst geymslunni þar sem þú hefur ekki sýnt neinn vilja til að ganga frá þínum málum allar tilraunir til að opna geymsluna verða kærðar til lögreglu þar sem eg er rétthafi, þú þarft ekki að mæta þarna til að greiða geymsluna þar sem þau munu ekki taka við greiðslu frá þér,



þú þarft að greiða mér reksturinn af húsinu á meðan þú varst þar plús leigu ég áskil mér rétt til að hirða draslið eða selja ef þú telur þig sleppa við að græja þetta,” segir í skilaboðum sem fyrirverandi sendi henni.

„Ég hringdi í Geymslur Eitt á Völlunum og fékk þetta staðfest þar og ég varð náttúrulega mjög reið. Þau könnuðust ekkert við að hafa lofað mér að hann fengi ekki aðgang að geymslunni. Í kjölfarið hafði ég samband við lögregluna í Hafnarfirði. Þar tók á móti mér strákur og ég sagði honum hvað væri búíð að ganga á. Ég átti meðal annars upptökur á símanum mínum þar sem fyrirverandi minn er að hóta mér og dóttur minni. Strákurinn hlustaði á þetta og sagðist ekki heyra betur en að þetta væri hrein og bein kæra.“

Lögreglumaðurinn ákvað að ráðfæra sig við fulltrúa á staðnum. Sá maður leyfði Ingu Jónu aðeins að spila smá brot af upptökunni, en lét hana stoppa áður en hótanir hennar fyrirverandi heyrðust.

„Hann sagði eitthvað á þá leið að það skipti ekki máli. Þetta væri einkamál og ég þyrfti bara að finna mér lögfræðing. Hann sagði þetta af svo miklum hroka og leiðindum að hann braut mig niður.“

Höfðaði einkamál

Þá leitaði hún til lögfræðings og úr varð að lögð var fram aðfararbeiðni í héraðsdómi þar sem Inga krafðist þess að fá afhentar eigur sínar sem maðurinn hafði tekið ófjálsri hendi. Þar sem Inga hafði flutt eigur

sínar í flýti þá fylgdi beiðninni gróf upptalning á þeim munum sem í geymslunni voru og auk þess voru lögð fram tölvupóstsamskipti þar sem fyrirverandi sambýlismaður hennar viðurkennir að hafa farið inn í geymsluna. Hins vegar hélt fyrirverandi því fram að hann hefði sjálfur tekið geymsluna á leigu og greitt af henni. Lögmáður Ingu hafði undir höndum sannanir um hið gagnstæða, en lagði þær ekki fram fyrir dómi. Inga hafði þó betur fyrir héraði, en tapaði málinu í Hæstarétti.

Hæstiréttur sneri við dómi héraðsdóms með þeim rökum að Inga hefði ekki lýst meintum eigum sínum nákvæmlega, og ekki fært sönnur á eignarhald sitt. Hluti af eigum hennar var persónulegs eðlis, fatnaður, skartgripir, húsgögn, skrautmunir, straujárn, munir úr dánarbúi foreldra hennar, svo dæmi séu tekin. Margir hlutir yfir áratuga gamlir og því erfitt að framvísa kvittunum fyrir kaupunum. Inga á bággt með að skilja þessar kröfur Hæstaréttar. Sömuleiðis átti hún að færa sönnur á að hlutirnir væru í hans vörslu, en tölvupóstur þar sem hann viðurkennir að hafa tekið þá úr geymslunni þótti ekki nægja, og lögregla neitaði að rannsaka málið. Eins þótti ekki skipta máli að við rekstur málsins skilaði maðurinn hluta af búslóðinni.

„Það fannst mér eiginlega það besta við það: Allt í einu skilar hann hluta af búslóðinni. En skilar því hins vegar meira og minna ónýtu.“

Fékk ekki að vita

Lögmáður Ingu Jónu tilkynnti henni aldrei um rekstur málsins fyrir Hæstarétti svo hún hafði enga hugmynd um að hún hefði tapað málinu fyrr en um það var fjallað í fjölmiðlum. Þegar þarna var komið sögu hafði Inga Jóna fengið vitni fyrir afdrifum eigna sinna en fékk aldrei að leggja það fram. Fyrirverandi hennar fékk þó að leggja fram ný gögn við rekstur málsins fyrir Hæstarétti. Á meðan mál Ingu fór sína leið í gegnum réttarkerfið þá hafði fyrirverandi sambýlismaður hennar hafið sambúð með annarri konu og þegar málið var komið til Hæstaréttar þá var því sambandi lokið. Sú kona hafði samband við Ingu og sagði henni hvað hefði orðið um eigur hennar.

„Hún sagði mér að hún hefði reynt að stoppa hann, sérstaklega þegar kom að persónulegu hlutunum. Til dæmis var þarna myndaalbúm sem mamma mín hafði gert fyrir dóttur mína. Þetta var eina minning hennar um ömmu sína. Þessu henti hann. Hann sagði að allt sem mér þætti vænt um færi á haugana, annað seldi hann eða eignaði sér sjálfur.“

Eftir að hafa misst aleiguna þurfti Inga að hefja lífið nánast á byrjunarreit. „Ég þurfti í rauninni að eignast lífið aftur. Ég þarf að kaupa það sem stelpuna vantar, hann tók meira og minna allar hennar eigur, og ég var ekki með neitt nema rúmið mitt og ísskáp.“ ■

JS Watch co.

REYKJAVIK



Úrsmíðameistari okkar missir aldrei einbeitinguna

Vegna annálaðrar einbeitingar, nákvæmni og 50 ára reynslu, tryggir úrsmíðameistarinn gæði íslensku úrana. Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmíðameistari og alþekktur fagmaður grandskoðar hvert einstakt úr áður en það yfirgefur verkstæði okkar. JS úrin eru íslensk hönnun og framleiðsla, sett saman á úrsmíðaverkstæði Gilberts, þar sem viðskiptavinir geta komið og hitt úrsmiðina sem setja saman úrin þeirra.

*Afjá Gilbert úrsmíð sérhæfum við okkur
í úrsmíði, hönnun og framleiðslu úra*

GILBERT
ÚRSMÍÐUR

Laugavegi 62 - sími: 551-4100

www.gilbert.is / www.jswatch.com.

Sakar Þríþrautarsambandið um mismunun og einelti

■ Synjað um skráningu í þríþrautarkeppni á grundvelli þess að hún uppfyllti ekki kröfur um lágmarkstíma ■ Segir aðra keppendur hafa „sloppið í gegn“ án þess að uppfylla sömu kröfur

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Þessi framkoma er einfaldlega síðlaus. Sumt af því sem forsvarsmenn sambandsins hafa fullt við mig er hreinlega ósatt,“ segir Amanda Marie Ágústsdóttir, þríþrautarkona og einkaþjálfari, en hún hefur höfðað mál gegn Þríþrautarsambandi Íslands og sakar stjórn félagsins um einelti og mismunun. Sambandið synjaði á seinasta ári beiðni hennar um að keppa á vegum þess í svokallaðri elite-þríþrautarkeppni sem fram átti að fara fram í Kirgistan. Rökin voru þau að Amanda hefði ekki náð meintum lágmarkstímum í íþróttinni.

Amanda telur hins vegar að Þríþrautarsambandið hafi á sama tíma ekki gert sömu kröfur til annars íþróttafólks. Í stefnu kemur fram að ósannað sé að öðrum en henni hafi verið synjað um þátttöku í elite-keppninni á grundvelli þess að viðkomandi hafi ekki náð lágmarkstímum.

Amanda hefur farið fram á að Þríþrautarsambandið greiði henni 1,5 milljónir í skaðabætur, auk málskostnaðar. Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 12. mars síðastliðinn.

Kom henni í opna skjöldu

Amanda er bandarísk í aðra ætt-

ina en hún hefur verið búsett hér á landi í 10 ár. Undanfarnir ár hefur hún tekið þátt í og náð góðum árangri í þríþrautarkeppnum bæði hér heima og erlendis.

Í apríl síðastliðnum sótti Amanda um það hjá Þríþrautarsambandinu að fá að keppa á vegum þess í svokallaðri elite-þríþrautarkeppni sem fram átti að fara í bænum Cholpon-Ata í Kirgistan dagana 29. til 30. júní 2019, en þátttaka íþróttamanna í keppni sem þessari er háð því að þeir séu skráðir í hana af hálfu síns þríþrautarsambands. Amanda segist hafa litið á keppnina sem kjör- ið tækifæri fyrir hana til að keppa á alþjóðavettvangi og öðlast dýrmæta reynslu, þó svo að um væri að ræða keppni sem sé smá í sniðum samanborið við elite-þríþrautarkeppni.

Í stefnu sem birt hefur verið Þríþrautarsambandinu, og DV hefur undir höndum, kemur fram að eftir að Amanda sóttist eftir þátttöku í keppninni hafi gjaldkeri Þríþrautarsambandsins verið í tölvupóstsamskiptum við þjálfara hennar og í kjölfarið lagði þjálfarinn fram rökstuðning fyrir þátttöku Amöndu í keppninni. Það hafi hins vegar komið í ljós seinna meir að á þessum tíma hefðu ekki allir stjórnarmenn Þríþrautarsambandsins fengið jafnan aðgang að þessum tölvupóstsamskiptum gjaldkerans og

Amanda Marie Ágústsdóttir.



þjálfarans. Þann 14. maí síðastliðinn fékk Amanda tilkynningu um að Þríþrautarsambandið gæti ekki skráð hana í keppnina, en rökin voru þau að ekki hefði verið sýnt fram á að Amanda hefði náð meintum lágmarkstímum í íþróttinni.

Amanda kærði ákvörðun Þríþrautarsambandsins til dómstóls ÍSÍ og gerði þá kröfu að höfnunin yrði felld úr gildi og Þríþrautarsambandinu gert að skrá hana í keppnina.

Í greinargerð frá Þríþrautarsambandinu fyrir dómstól ÍSÍ er tekið fram að Amanda hafi þegar tjáð sig um málið á opinberum vettvangi og lýst einelti og ofbeldi

í hennar garð.

Í því ljósi er enn langsóttara að kærandi fjái frekari undanþágur frá afreksstefnu kærða, til viðbótar þeim sem hún hefur þegar fengið.“

Í stefnunni segir að skrifleg greinargerð hafi borist dómstól ÍSÍ þann 13. júní síðastliðinn og samkvæmt lögum ÍSÍ hefði dómur átt að vera kveðinn upp í síðasta lagi viku síðar, eða þann 20. júní. Málsmeðferð dómstólsins dróst hins vegar á langinn og úrskurðaði hann ekki í málinu fyrr en 3. júlí 2019. Þá var keppnin í Kirgistan hins vegar yfirstaðin og málið því ónýtt fyrir Amöndu. Kröfu hennar var því vísað frá, á þeim grundvelli að skráningarfræstur í keppnina væri runninn út, og keppnin sjálf raunar einnig yfirstaðin, og hún því ekki talin hafa lögvarða hagsmuni lengur af kröfunni. Í kjölfarið skaut Amanda málinu til áfrýjunardómstóls ÍSÍ sem vísaði kröfu hennar frá dómi vegna meintra formannmarka. Þar af leiðandi fékkst aldrei efnisleg úrlausn í deilunni.

Telur sig hafa sætt mismunun

„Ég var virkilega vongóð um að það yrði brugðist við þegar ég fór lengra með málið. Það á ekki að umbera mismunun af þessu tagi,“ segir Amanda í samtali við DV. Hún spyr jafnframt hver sé eiginlega tilgangurinn með því að hafa dómstól þegar þetta séu vinnubrögðin.

„Hvernig stendur á því að ég neyðist til að höfða einkamál á hendur Þríþrautarsambandinu, þegar það er til staðar dómstóll sem á að leysa úr málum eins og þessum?“

Líkt og fyrr segir bendir Amanda á að Þríþrautarsambandið hafi ekki gert þær kröfur til annars íþróttafólks að það standist þessa umræddu lágmarkstíma.

Nefnir hún sem dæmi að einum hafi verið leyft að keppa í sambærilegum eða stærri keppnum án þess að hann hafi náð téðum lágmarkstímum. Sá keppti meðal annars í Ironman 70.3 keppnum (í járnkarl) sem atvinnumaður

Þá segist Amanda vita til þess að annar íþróttamaður hafi verið skráður til sambærilegrar eða stærri keppni, án þess að hafa náð lágmarkstímum. Sá hafi tekið þátt 2019 Quarteira ETU Triathlon Junior European Cup í Portugal án þess að hafa náð lágmarkstímum.

Segir viðmið úr takti við raunveruleikann

Umrædd tímaskilyrði sem Þríþrautarsambandið bar fyrir sig í málinu eru frá árinu 2017 og að danski fyrirmynd. Þar segir meðal annars:

Hlaup konur: 5 og 10km: 18:40 og 38:10 og 39:30 sem lágmark.

Í stefnunni segir að þessir lágmarkstímar séu „ómálefnalegir og úr takti við raunveruleikann.“ Það megi til dæmis sjá af því að aðeins 13 konum í Íslands sögunni hefur tekist að hlaupa 5 kílómetra götuhlaup á undir 19 mínútum og 10 sekúndum, sem er sá lágmarkstími er tilgreindur sem B-lágmark fyrir konur til að keppa í elite-keppnum.

Í stefnunni eru einnig lögð fram úrslit í kvennaflokki í keppninni í Kirgistan sem Amöndu var meinað að taka þátt í. Hluti af keppninni var 5 kílómetra hlaup og eins og sést á úrslitunum þá hljóp engin kvennanna 5 kílómetra á undir 18 mínútum 40 sekúndum eða undir 19 mínútum og 10 sekúndum

Þess ber að geta að hjá danska þríþrautarsambandinu eiga framangreindir lágmarkstímar aðeins við þá sem vilja keppa í afmörkuðum landsliðsverkefnum, ekki í smærri elite-keppnum.

Amanda tekur fram að keppnishaldarar í þessum mótum setji engin tímaviðmið til að keppa í þeim sjálfir. „Þau virðast ekki hafa neina ástæðu til að setja þessi tímavið „basically“, og velja svo hverjir geta farið án þeirra.“

Kvíðin og döpur

Amanda segir málið hafa haft afar neikvæð áhrif á hennar daglega líf og andlega heilsu, hún hafi upplifað kvíða og depurð og sótt sálfræðimeðferð til að takast á við líðan sína. Í vottorði sálfræðings hennar segir að einkenni og líðan hennar sé í samræmi við rannsóknir á áhrifum eineltis.

Hægt að gera mun betur

„Fyrir mér þá snýst þetta ekki eingöngu um að mér hafi verið meinað að keppa. Það er ekki hvatinn á bak við þetta, heldur snýst þetta um brot á ákveðnum grundvallaratriðum,“ segir Amanda. „Ætli ég sé ekki að reyna að halda í þá von að það sé hægt að knýja fram breytingar með því að varpa ljósi á málin og opna augu sem flestra? Ég held að íþróttasamfélagið geti gert mun betur en þetta.“ ■

ACANA

Orijen
NOURISH AS NATURE INTENDED

HUNDAFÓÐUR
ÁN HLÍÐSTAÆÐU

gæludýr.is

www.gaeludyr.is

Sandkorn

Áslaug vill að þú vinnir frítt

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra hefur sett reglugerð sem gerir hverjum manni á Íslandi á aldrinum 18–65 ára skylt að vinna frítt fyrir almannavarnir í neyðarástandi. Þessi vinna er án endurgjalds, ókeypis fyrir rík-ið. Þetta getur falist í eldvörnum, björgun og sjúkraflutningum, ruðningsstarfi, hjálparstarfi vegna tjóns af völdum geisla-virkni, sýkla eða eiturefna, löggæslu, fjarskiptaþjónustu og félagslegu hjálparstarfi. Það er bannað að segja nei, það er bannað að hlaupa úr starfi, og ef almannavarnir hafa kvatt þig til aðstoðar þá er þér bannað að fara út úr lögsögu þinni án leyfis. Þarna hefur ríkinu verið veitt heimild til að ganga freklega inn á rétt borgara til sjálfs-ákvörðunar frelsis. Nánast mætti jafna þessu við herskyldu þótt það sé ekki sagt berum orðum, en bann við herskyldu má meðal annars finna í nýju stjórnar-skránni sem aldrei varð að veruleika.



meðal annars finna í nýju stjórnar-skránni sem aldrei varð að veruleika.



„Honum að kenna,“ segir ríkið

Á mánudag fór fram aðal-meðferð í máli Guðjóns Skarp-héðinssonar gegn ríkinu. Eins og glöggir muna var Guðjón dæmdur í tíu ára fangelsi fyrir meintan hlut í dauða Geirfinns Einarssonar. Guðjón var síðar sýknaður 2018. Guðjón vill fá 1,3 milljarða frá ríkinu fyrir þá áratugi sem hann var saklaus sagður sekur um morð. Ríkið telur 145 milljónir hæfilegar. Nýjasta vendingin er sú að ríkið telur að það sé Guðjóni að kenna að hann hafi verið sakfelldur. Hann hafi játað og ríkið taki ekkert mark á ein-hverjum hippakeningum um falskar játningar. Svo sé krafan líka fyrnd því það er svo langt síðan Guðjón var sakfelldur og mannorð hans eyðilagt vegna glæps sem hann ekki framdi.

Auður vegur Ljóst er að COVID-19 hefur breytt lífi okkar allra til frambúðar.



Ekki gleyma

Leiðari

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Það er óneitanlega lítið jákvætt í fréttum á þessum stórfurðulegu tímum. Fólk gerir það sem það getur um heim allan til að halda í gleðina. Það syngur úti á svölum, fer út í göngutúra víðs fjarri siðmenningu, tekur myndsimtöl á aldraða ættingja og finnur upp á 101 leik til að stytta börnum sínum stundir. Fólk kemst ekki til útlanda. Veit raunar ekki hvenær það kemst næst af þessari eyju. Fólk birgir sig upp af nauðsynjavöru, þar sem það er hægt. Skipuleggur máltíðir fram í tímann. Sættir sig við að munaðarvörur er ekki hægt að fá. Einkabílnum er lagt á mörgum heimil-

um. Það fer lítið sem ekkert út að borða, verslunarmiðstöðvar eru nánast tómar og margir þurfa að vinna heima alla daga vikunnar eða part úr henni. Eins og grínið á internetinu segir: Vá, margir af þessum fundum hefðu bara getað verið tölvupóstar. COVID-19 faraldurinn kemur í kjölfar mikillar vitundarvakningar í samfélaginu um hlýnun jarðar og hvaða aðferðum við getum beitt til að sporna gegn henni. Ekki sóa mat, keyra minna, ganga og hjóla meira, kaupa minna, borða minna kjöt. Það er í grunninn það sem einstaklingar geta gert til að vernda umhverfi sitt. Nú hefur okkur verið þröngvað í þessar aðgerðir af agnar-smárrí veiru með ofurstóran eyðileggingarmátt. Veiru sem við óttumst réttilega. Hún hef-

ur hreiðrað um sig hér sem og annars staðar og við sjáum ekki enn fyrir endann á þessum hörmungum. Við erum neydd til að lifa í naumhyggju og virðist það ganga ágætlega. Hins vegar hefur það gríðarlega slæmar afleiðingar á þau fyrirtæki sem fódra neysluhyggju okkar, sérstaklega þau sem minni eru. Mörg munu fara á hausinn. Það er alveg ljóst. Jafnvel þau fyrirtæki sem tikka í öll box er varðar samfélagslega ábyrgð og umhverfisvernd. Þegar þetta er allt afstaðið er naumhyggjan það sem við þurfum til að lifa af. Í uppbyggingunni megum við ekki gleyma að það var fint að lifa í naumhyggjunni, þótt við viljum stundum láta hrífa okkur í burtu á rósrauðu skýi neysluhyggjunnar. Fljúga til Bene og Tene, maka á sig sólarolíu, kaupa handónýta sandala á götumarkaði og splæsa á sig þriggja rétta kjötveislu. Fljúga bara eitthvert því það er kalt á Íslandi. Kaupa fjögur braud þegar við þurfum bara tvö. Henda af-

göngunum næsta daga því þeir „voru ekki girnilegir“. Þessi tími sem við lifum er átakanlegur. Hann mun valda sorg í hjörtum margra á Íslandi og hefur gert það nú þegar. Þegar við stöndum upp aftur og lífið kemst í kunnuglegar skorður þá megum við aldrei gleyma þessum tíma. Við megum aldrei gleyma hvað það var í raun auðvelt að afsala sér þeim þægindum sem við erum orðin vön. Við megum ekki gleyma þeim gríðarlega kærleik sem hefur losnað úr læðingi í þessum fimbulkulda ör-væntingar og ótta. Við megum ekki gleyma hvað við sem samfélag getum í raun áorkað miklu, þrátt fyrir smæð og landfræðilega einangrun. Í uppbyggingunni megum við síðan ekki gleyma þeim sem verst standa. Öllum þeim sem missa vinnuna, missa fyrirtækin sín, missa tilgang. Þótt þessi veira sé andskotans óþverri þá hefur hún að mörgu leyti kallað fram það besta í okkur öllum. ■

Spurning vikunnar

Hvaða lag lýsir best því sem af er ári?



„Ég ætla bara að peppa G-Eazy, því að við erum öll svo týnd þessa dagana og fólk er að stressast upp, sem er mjög skiljanlegt.“

Hilmar Smári Finsen



„Everybody's Gotta Live með hljómsveitinni Love. Engin spurning.“

Elsa Rún Árnadóttir



„Danger Zone. Ég tel að viðlagið eigi gífurlega vel við dómsdaginn sem við erum að fara í.“

Dáníel Grímur Kristjánsson



„Can't Touch This. Það gerist fátt meira vídeigandi en það þessa dagana.“

Atli Sigurjónsson

„Við erum v

■ COVID-19 hefur mikil áhrif á Íslendinga í útlöndum ■ Allt í einu hefur lífið gjör

Heimsfaraldurinn COVID-19 hefur breiðst út um nær allan heim og haft áhrif á líf hundruð milljóna manna. Landamærum hefur verið lokað hverjum á fætur á öðrum og grunnþjónusta hefur skerst gríðarlega. DV tók nokkra Íslendinga í útlöndum tali, allt frá Hong Kong til Grænlands, og athugaði hvaða áhrif faraldurinn hefur haft á þeirra nærumhverfi.

Audur Ösp Guðmundsdóttir
Lilja Katrín Gunnarsdóttir
audur@dv.is / lilja@dv.is



Harpa Eir
Þorleifs-
dóttir



Margir á heimleið

„Fólk er frekar rólegt hérna, gótur eru ennþá fullar af fólki. Ég hef ekki heyrt um að fólk sé að birgja sig upp af klósettpappír eins og virðist vera í öðrum löndum, en ég hef heyrt að „coffee shops“ hafi opnað fyrir „take away“ svo að fólk geti birgt sig upp af kannabis!“ segir Harpa Eir Þorleifs-dóttir, sem er í skiptinámi í viðskiptafræði við Erasmus University of Rotterdam í Hollandi.

„Fyrsta tilfellið af COVID-19 gerði vart við sig 27. febrúar og hefur vírusinn breiðst mjög hratt út síðan. Það hefur verið sett á samkomubann og skólum, söfnum, veitingastöðum, kaffihúsum og íþróttamiðstöðvum var nýlega lokað og mun það gilda til 6. apríl. Verslunarmiðstöðvar halda sínum opnunartíma og mælt er með að fólk haldi 1,5 metra fjarlægð.“

Harpa segir faraldurinn hafa haft mikil áhrif á námið. „Það áttu að vera lokapróf núna, sem hefur verið frestað en ekki búið að gefa út hvenær þau verða. Annars reyni ég að lifa eðlilegu lífi, fer út og hittu vini mína og við höldum hvert öðru selskap. En margir sammemendur eru að fara heim, sem er erfitt. Það er skrítíð að vera ekki með fjölskyldunni sem er heima á Íslandi, en ég heyrir oftast í þeim núna en ég gerði fyrir COVID-19.“

Ingibjörg
Rósa



Margir enn á vantrúarstiginu

„Þetta fór síðar af stað hér en á Íslandi. Hér er fólk beðið um að vera ekkert að teppa hjálparlinur eða heilsugæslustöðvar nema það fái alvarleg einkenni, NHS er ekkert að halda utan um hversu mörg séu í sjálfskipaðri sóttkví eða taka sýni hjá meðaljónum,“ segir Ingibjörg Rósa Björnsdóttir uppistandari sem er búsett í Edinborg.

„Fólk er beðið um að einangra sig í 14 daga ef það telur hættu á að það hafi smitast. Eins eru þau sem eru viðkvæm fyrir beðin um að halda sig heima ef þau mögulega geta. Svo eru náttúrulega handsápur og handspritt alls staðar uppseld og óvenju lítið til af klósettpappír í búðum, öll fyrirtæki með handspritt uppi á borðum og tilmæli til allra að sýna varkárni. Í þessum töluðu orðum er 171 smit staðfest í Skotlandi og eitt dauðsfall, en enn sem komið er eru fleiri sýkt í Glasgow en í Edinborg. Þótt ekki sé búið að setja bann er samt verið að aflýsa viðburðum hægrri vinstri. Til dæmis átti uppistandshátíð að hefjast í Glasgow um síðustu helgi og ég held að öllum sýningum hafi verið aflýst af hverjum og einum skemmtikrafti eða stöðunum sem ætluðu að hýsa sýningarnar.“

Ingibjörg segist skynja að margir íbúar borgarinnar séu hreinlega enn á vantrúastiginu. „Þau eru hreinlega ekki alveg að kaupa það að svona stórtækar aðgerðir þurfi til. Ég þekki líka óvenju marga uppistandara hér sem eru farnir að svitna yfir tekjumissi um óákveðinn tíma, enda gengur starf þeirra út á samkomur fólks. Svo það er helst þannig kvíði og pirringur sem er í fólki. Skotar eru annars ekki þannig að þeir æsi sig mikið eða séu fljótir að verða taugaveiklaðir, eiginlega eru þeir kannski heldur kærulausir í svona aðstæðum og finnst óþarfi að gera mikið mál úr hlutunum.“

Ingibjörg lauk krabbameinsmeðferð fyrir stuttu og er því talin vera í viðkvæmum hópi. „Ég hef reynt að fara varlega í margar vikur, ég hef eiginlega verið sýklahrædd frá því að ég byrjaði í meðferðinni. Ég er akkúrat í sjálfskipaðri einangrun og með kvefpest, sem gæti vissulega verið væg COVID-19 veiki. Ég bý hérna hjá Bylgju Babylons uppistandara og hún kom heim af uppistandshátíð í Hollandi fyrir rúmri viku. Örfáum dögum síðar breiddist vírusinn út þar svo heimilislæknirinn ráðlagði henni og öðru heimilislækni að loka sig af í sjö daga. Við fengum báðar smávegis hita og beinverki um helgina, en nú er hún að hressast á meðan ég tek hóstaköst við og við.“

Hún segir þær stöllur hafa það hreint ágætt í stofufangelsinu: „Við erum ekkert illa haldnar, höfum nóg að bíta og brenna og erum slakar, en tökum ástandinu auðvitað alvarlega.“

Erla Gunnarsdóttir



Rekin heim úr sumarþöðum

„Það er rosalega skrýtið ástand og stemning hér í Noregi, en frá og með síðasta föstudegi má segja að samfélagið hafi hægt og bítandi byrjað að lamast,“ segir fjölmiðlakonan og bóndinn Erla Gunnarsdóttir. Erla er búsett í smábænum Álvik í Noregi, um hundrað kílómetra fjarlægð frá Bergen. Hún segir algjört samkomubann ríkja í landinu.

„Tilkynning kom um lokun á skólum og leikskólum frá og með mánudeginum næstu tvær vikurnar og í kjölfarið var fleirum skylt að loka, eins og til dæmis tannlækna- og hárgreiddslustofum, ásamt því að algjört samkomubann var sett á. Við höfum sennilega sjaldan fylgst jafn vel með fréttum en það má segja að á hverjum klukkutíma komi eitthvað nýtt fram. Nú er fyrsti dagur barnanna með heimaskóla, sem hefur gengið nokkuð vel og sjálf er ég í sóttkví þar sem ég var í Danmörku fyrir tæpum tveimur vikum. Langflestir sem geta, vinna heima og tekur fólk ástandinu með jafnaðargeði og líkt og heima er fólk ábyrgt þegar kemur að samfélaginu og því að við séum í rauninni öll almannavarnir. Í gær [16. mars] hélt Erna Solberg blaðamannafund fyrir börn, sem mér fannst mjög góð í gegnum fjölmiðla og halda stjórnvöld reglulega blaðamannafundi,“ segir Erla. Líkt og hér á landi ríkir óvissa um afdrif ýmissa fyrirtækja mitt í COVID-19 faraldurinum.

„Miklar áhyggjur eru af efnahagslífinu hér í landi og ljóst að nú þegar eiga mörg fyrirtæki í erfiðleikum eins og til dæmis flugfélagið Norwegjan sem rambar á barmi gjaldþrots og stóru hóteldjurnar hafa sagt upp þúsundum starfsmanna. Stjórnvöld hafa kynnt ákveðna aðgerðarpakka til að koma til móts við fyrirtæki, sem felst í frestun á greiðslu gjalda og í fyrradag var tilkynnt að 100 milljarðar norskra króna verði notaðir í björgunaraðgerðunum. Landamæraeftirlit hefur verið hert til muna og nýjustu fréttir herma að yfirvöld í Norður-Noregi sendi alla í 14 daga sóttkví sem þangað koma frá öðrum stöðum í Noregi.“ Erla bætir við að andrúmsloftið sé vissulega spennuþrungnið. „Sum sveitarfélög eru að loka „landamærum“ sínum og mælt er með að fólk haldi sig innan síns sveitarfélags. Einnig er fólk beðið um að vera ekki í sumarþöðum sínum og á sumum stöðum hefur herinn verið kallaður út til að reka fólk heim úr þöðum.“

“annmáttug”

rbreyst og líkt og heimurinn hafi stöðvast



Ásgeir til vinstri og Garðar til hægri

Hiti mældur alls staðar

Parið Ásgeir Helgi Magnússon og Garðar Þór Jónsson ákvað að fara í heimsreiðu í byrjun árs. Þeir unnu báðir hjá WOW air þegar flugfélagið féll; Ásgeir sem flugmaður og Garðar á skrifstofunni. Þeir hafa fengist við aðra hluti frá gjaldþroti flugfélagsins en fannst tilvalið að hefja nýtt ár á heimsreiðu. Reisan hefur hins vegar tekið mörgum skipulagsbreytingum í skugga COVID-19.

„Við höfum verið að ferðast síðan um miðjan janúar. Við vorum fyrst í tvær vikur í Kaliforníu, síðan í viku á Havái. Fórum þá til Ástralíu og þaðan til Indónesíu. Þá hófst Suðaustur-Asíu hlutinn af reisunni,“ segir Ásgeir. Þeir Garðar komu til Balí þann 17. febrúar. „Þá fyrst vorum við farnir að heyra meira talað um COVID-19. Við vorum mjög hissa þegar við lentum á Balí því það var enginn sérstakur viðbúnaður á flugvelli. Eina sem við þurftum að gera var að fylla út eitt blað þar sem við sögðumst vera hraustir. Við vorum í tvær vikur á Balí og urðum í raun ekki varir við margt. Eins og hefur komið fram í fréttum undanfarið þá fannst okkur líka eins og indónesísk yfirvöld væru ekki að segja frá öllu sem væri að gerast. Við tókum strax eftir því þegar við komum að það var lítið um ferðamenn og engir Kínverjar þar sem búíð var að loka á farþega frá Kína. Kínverjar eru stærsti hópurinn sem heimsækir Balí og hafa allir ferðapjónustuaðilar virkilega fundið fyrir því.“

Frá Balí ákváðu þeir Ásgeir og Garðar að fara á Komodo-eyjuna, sem er hluti af eyjaklasa sem tilheyrir Indónesíu. Þeir voru búnir að bóka skoðunarferð um eyjuna og nærliggjandi eyjur, en á flugvelli tilkynnti ferðapjónustuaðilinn þeim að þeir væru þeir tveir einu sem bókaðir væru í ferðina og því væri hætt við hana. Eftir smá vangaveltur létu þeir slag standa, flugu til eyjunnar og gistu þar í fjórar nætur. Þaðan lá leiðin til Singapúr.

„Þar var sérstaklega skrítið að koma á einn af stærstu flugvöllum í heiminum og við gengum um hann einir. Sjúklega sýrrealískt. Um leið og við komum út úr flugvélinni var líkamshiti okkar mældur og einnig þegar við tékkudum okkur inn á hótelið, fórum í verslunarmiðstöðvar, bara alls staðar,“ segir Ásgeir. Upp frá því að þeir komu til Singapúr lokaðist meðal annars Ástralía og Filippseyjar, en síðarnefnda landið átti að vera næsti áfangastaður þeirra. Þá þurftu þeir að breyta ferðaplönnum og tóku rútu til Kúala Lúmpúr. Þeir reyna nú að komast til Taílands þar sem Malasía hefur lokað sínum landamærum. „Þessi máltíð í kvöld [17. mars] var sem sagt síðasta máltíðin á veitingastað því öllum börum og veitingastöðum verður lokað á morgun,“ segir Ásgeir. „Í dag var krísufundur hjá okkur og við ætlum að reyna að fara til Taílands þar sem er ekki búíð að loka,“ segir Ásgeir, en þeir Garðar eru furðu hressir þrátt fyrir þessar vendingar. „Lokanir virðast elta okkur,“ segir hann og hlær. „Við viljum samt meina að við höfum ekkert með þetta að gera. Þetta er auðvitað háalvarlegt ástand og ég held að við reynum að halda í gleðina eins lengi og við getum,“ segir Ásgeir og bætir við að fjölskyldan á Íslandi sé ekki í rónni með þetta allt saman. „Mamma segir alveg: Komið heim núna. Það er bara þannig.“



Eva Óskarsdóttir

Faraldurinn ýtir undir framkvæmdagleiði

„Það er mikil spennan, en fólk reynir að fela hræðsluna fyrir öðrum og varast að láta aðra finna fyrir henni. Öðrum finnst eins og það sé gert allt of mikið mál úr þessu,“ segir Eva Óskarsdóttir, leikkona og framleiðandi, sem búsett er í Breitenfurt bei Wien í Austurríki ásamt þarlendur eiginmanni sínum og tveimur börnum þeirra.

„Það er komið útgöngubann og ef þú tilheyrir ekki þeim hópi sem má fara út og keyra í vinnuna gættirðu þurft að greiða allt að 3.500 evrur í sekt,“ segir Eva. Fjölskyldan á hund sem þarf sína útiveru og hreyfingu og þess vegna fara þau reglulega í göngutúra. „Og við reynum þá öll að forðast að koma of nálægt hvert öðru. Nú eru bæði börnin mín heima því skólum þeirra var lokað, en mér þykir þetta vera frábært tækifæri til að breyta gömlu skólakerfi sem undirbýr börnin okkar ekkert fyrir framtíðina,“ segir Eva og bendir á að skólalokanir hafi þrýst á að kennarar tækju upp nútímalegri hætti en áður, til að mynda með því að senda nemendum heimaverkefni dagsins í tölvupósti. Það sé jákvæð þróun.

„Ég hef ekki áhyggjur af þeim sem eru yngri en 70 ára og með fulla heilsu, en ég er skíthædd við að missa til dæmis ömmu mína og afa sem búa á Íslandi og eru mér allt. Enda er ég búin að biðja þau að vera ekki að hitta of marga og halda sig inni ef þau geta.“

Eva er sjálf æðrulaus gagnvart ástandinu sem hefur skapast.

„Það þurfti að hætta við námskeið sem ég átti að halda, og það þurfti líka að blása af upptökum á kvikmynd, en ég veit að þetta mun allt reddast,“ segir hún og bætir við að ástandið þessa dagana hafi í raun haft jákvæð áhrif á hana persónulega. Hún sé afkastameiri en áður og framkvæmdagleiðin sé í hámarki. „Ég er til dæmis búin að stofna kvikmyndaframleiðslufyrirtæki með tveimur öðrum og fyrsta stuttmynd okkar er nú þegar í gangi. Svo er ég að vinna í,“ preproduction“ fyrir heimildabátt sem verður tekinn upp á Íslandi, vonandi núna í ár. En auðvitað verðum við að sjá hvernig þetta með COVID-19 þróast.“

Eva nálgast hlutina af jákvæðni og bendir á að ástandið í heiminum þessa dagana geti fengið fólk til að staldra við og leita aðeins inn á við. „Fyrir marga var það orðið nauðsynlegt að fá frí og hægja aðeins á lífinu. Ég vona að við stöndum öll saman og séum ekki of mikið á ferð og flugi ef það er ekki nauðsynlegt. Og komum þannig í veg fyrir að fleiri veikist.“



Robert Lee Evensen

Engin matarpanikk

Íslendingurinn Robert Lee Evensen vinnur sem flugmaður í innanlandsflugi á Grænlandi. Robert er búsettur í Danmörku og skiptir tíma sínum á milli landanna tveggja. Fyrsta smitið greindist á Grænlandi í gær, fimmtudaginn 18. mars.

„Það er komið innanlands smittifelli frá einstaklingi sem ekki var á ferðalagi. Sá einstaklingur er tengdur háskólanum og búinn að umgangast aðra nemendur og starfsfólk undanfarið,“ segir Robert. „Þá var allur viðbúnaður settur í gang, öllum skólum, frístundastöðvum, veitingastöðum, börum og álíka lokað, öllum meinað að yfirgefa Nuuk, hvort sem er með flugi, sleða eða bát. Fólk má enn fljúga inn til Nuuk þangað til á morgun [20. mars], en þá verður öllu flugi hætt nema sjúkra- og björgunarflugi. Þá ríkir heimasóttkvíarskylda fyrir alla komufarþega. Markmiðið virðist vera að einangra tilfellið við Nuuk til að hlífa minni bæjum og þorpum, þar sem aðstoð er jafnvel minni,“ segir Robert. Afleiðingar COVID-19 fyrir hann núna eru þær að hann hætti í innlandsflugi og flýgur sjúkraflug milli Danmerkur og Grænlands í staðinn. Hann segir faraldurinn hafa valdið ákveðnum titringi í grænenska samfélaginu. „Vitaskuld er fólk óöruggt um stöðu mála, bæði vegna þess að samfélagið er svo smátt og styrkur sjúkrahússins og annarra innviða takmarkaður. Kollegar mínir lýsa hálfgerðu ófremdarástandi, bæði á vinnustað og úti á götu, og flestir eru áhyggjufullir yfir takmörkuðu heilbrigðiskerfi. Fólk uppfærir fréttaveiturnar með reglulegu millibili, þannig að fréttir að innan sem utan, hafa mikil áhrif á svona samfélag,“ segir hann. Mesti óttinn er um minni byggðarlög í dreifbýli Grænlands. „Það búa margir eldri borgarar í smáum, fjarlægum og frumstæðum þorpum meðfram ströndinni og þar er erfitt að nálgast aðstoð í veikindum. Það er eitt af því sem ég sé að fólk er hrætt við.“ Matarskortur er hins vegar ekki það sem fólk hræðist. „Það góða við grænenska menningu er að það er mjög vinsælt að veiða sér til matar, þannig að margir eru með fullar frystikistur af kjöti og fiski, svo það virðist ekki vera mikil matarpanikk ennþá.“

Margrét Hrafnadóttir



Dauðans alvara

„Kórónavírusinn hefur sett heiminn á annan endann og Bandaríkjamenn fara ekki varhluta af því,“ segir kvikmynda- og sjónvarpsframleiðandinn Margrét Hrafnadóttir. Margrét býr ásamt eiginmanni sínum, Jóni Óttari Ragnarssyni, í Palm Desert í Kaliforníu í Bandaríkjunum. Hún segir heimsfaraldurinn hafa haft víðtæk áhrif í Bandaríkjunum, sem og annars staðar í heiminum.

„Hver vika síðan vírusinn braust út hefur fært meira af vondum fréttum og breytingum á daglegum lífsháttum fólks enda vírusinn dauðans alvara. Nú hefur veitingastöðum, heilsuræktarstöðvum, klúbbum og börum verið lokað en skólum var lokað í síðustu viku. Það er hægt að fá heimsendan mat eða sækja og matvöruverslunum er nú lokað nú fyrr svo starfsfólk geti fyllt þær eftir hvern dag. Yfirvöld hamra á því að það sé ekki hætt á fæðuskorti og búðir séu fylltar daglega, en það dugir ekki til og það hverfur flest úr hillunum á nokkrum klukkutímum! Þeir segja þetta vera orðið á við tvöfalda jólavertíð!“

Þá segir Margrét að Bandaríkjamenn taki ástandinu með stóískri ró. „Ameríkanar og Kaliforníubúar taka þessu að mestu leyti með stillingu og auðmýkt eins og maður upplifir fólk gera alls staðar annars staðar. Við erum vanmáttug gagnvart slíkri ógn sem varla sést, því veiran er svo smá að hún varla sést í venjulegri smásjá. Lífið hér í eyðimörkinni er eflaust þægilegra en víða því hér er sól og gott veður og nóg pláss eins og á Íslandi. Það fer vel um okkur, en það er á svona tímum sem það er erfitt að vera fjarri fjölskyldunni. Það eru auðvitað margir óttaslegnir og óvissan í kringum þetta er mikil, en það birtir upp með vorinu og þetta mun ganga yfir og flestir lifa þetta af sem er mikilvægast. En við getum öll með sanni sagt að við lifum á sögulegum tímum.“

Hulda Björnsdóttir



Reiðir kunnar og stressað afgreiðslufólk

„Ég talaði við pósthúðarmanninn okkar í morgun þegar hann kom með póstinn og við vorum sammála um að ástandið væri slæmt, en við þyrftum að halda í vonina og reyna að vera bjartsýn,“ segir Hulda Björnsdóttir sem búsett er í smábænum Penela í Portúgal.

„Faraldurinn hefur haft mikil áhrif hér. Það eru öll einkarekin fyrirtæki lokað, hárgreiðslustofur, litlir súpermarkaðir og yfirleitt öll fyrirtæki sem rekin eru af einkaaðilum. Það er kínversk verslun hér sem alla jafna er opin alla daga, frá morgni til kvölds, og hún er lokað núna. Fólk er ekki á ferli og þegar ég fór í göngu í gær mætti ég nokkrum bílum, en ekki gangandi fólk, sem er óvenjulegt. Fólk heldur sig inni.“

Hulda segir andrúmsloftið misjafnt, sumir séu óttaslegnir, aðrir reiðir. „Ég fór í súpermarkaðinn, stóran, Mini preso, hér í bænum, og þar er mjög einkennilegt andrúmsloft. Afgreiðslufólkið er að störfum, en með hanska. Hillur eru ekki tómar, en farið að minnka í þeim. Matsölustaðurinn er tómur, litlu búðirnar eru lokaðar, örfáir bílar á planinu og ég varð vitni að því að einn af örfáum kúnum inni í markaðnum varð mjög reiður og rauk út án þess að taka með sér vörurnar. Afgreiðslufólkið er stressað, á því leikur ekki nokkur vafi. Allar litlu búðirnar í þessum markaði eru lokaðar.“

Hún segir faraldurinn hafa haft mikil áhrif á daglegt líf hennar, rétt eins og allra annara. „Dagleg rútína er fyrir bí. Ég fór reglulega í líkamsrækt, hún er lokað. Ég get ekki heimsótt vini mína því allir eru hræddir, en við höfum samband í síma eða í gegnum miðlana. Facebook og Messenger eru lífæð sumra. Ég veit ekki hvernig fer til dæmis með mat ef þetta ástand varir lengi. Ég fer út að ganga og reyni að halda mér í líkamlegu formi þannig og svo leitast ég við að vera jákvæð og gera það sem ég get til þess að fólk sem ég umgengst láti ekki hugfallast. Þetta er vont, og óvissan og hvernig allt snýst alls staðar um þetta mál er enn verra. Það er þó enn hrikalegra fyrir okkur sem búum erlendis hvernig gengið er að drepa okkur þessa dagana. Það er spurning hvort fólk sé áhyggjufyllra varðandi gengið en veiruna?“

Guðmundur Árni Stefánsson



Fólk er almennt rólegt

„Vissulega hefur þetta ástand mikil áhrif. Það snýst allt meira og minna um COVID-19 í okkar störfum. Óþægileg tilfinning, en við höldum ró okkar,“ segir Guðmundur Árni Stefánsson, sendiherra Íslands á Indlandi. Hann segir ástandið þar í landi vera þokkalegt miðað við aðstæður, og það eigi líka við umdæmislönd sendiráðsins, Nepal, Srí Lanka og Banglades.

„Afar fá smit afa verið greind af COVID-19 hér í Indlandi, sem telur 1.300 milljónir íbúa. Í morgun voru smitin um 140 talsins, sem ýmsum fræðimönnum finnst „óþægilega“ lág tala og að miklu fleiri hljóti að vera smitaðir. Aðeins eru skimaðir þeir sem eru með sterk einkenni veirunnar og skimanir því aðeins um 9 þúsund. Indland hefur verið lokað fyrir útflendingum í meira en viku og reglur hafa verið settar um samkomubann.“

Sendiráðið hefur staðið vaktina og aðstoðað íslenska ríkisborgara við að komast heim. Það getur þó verið snúið því flest flugfélög hafa lagt af ferðir til Evrópu. Blessunarlega eru þó ekki margir íslenskir ríkisborgarar á Indlandi,“ segir Guðmundur.

„Áhyggjur fólks eru þær helstar, að taki veiran við sér hér í þessu fjölmenna landi, þá verði illviðráðanlegt að eiga við ástandið. Heilbrigðiskerfið sé engan veginn undir slíkan faraldur búið. Mörg evrópsk sendiráð í Delí hafa þegar sent fjölda diplómata og fjölskyldur þeirra til síns heima af ótta við það sem koma skal. Indverskt starfsfólk sendiráðsins íslenska og flestra vestrænna sendiráða starfar að miklu leyti heima hjá sér til að forðast návígi við fólk.“

Þrátt fyrir að aðstæðurnar kalli á hræðslu og óryggi segir Guðmundur að flestir séu nokkuð rólegir. „Það er ótti við það ef hræðsla grípur um sig – hvað þá gerist. Borgaralegur órói og óeirðir? En ennþá er allt með kyrrum kjörum. Við höfum náð í alla Íslendinga á okkar svæði, sem við þekkjum til. Margir eru farnir, aðrir eru á leið heim og svo eru þeir sem halda hér heimili og verða kyrrir.“



Rekstrarumsjón

LÁTIÐ OKKUR UM REKSTUR HÚSFÉLAGSINS

Við sérhæfum okkur í umsjón með rekstri húsfélaga og bjóðum trausta og faglega þjónustu á góðu verði

Hafðu samband og fáðu tilboð strax í dag!

Kjartan ferðast reglulega með ferju yfir ána sem skiptir Sjanghaí í tvennt. Á myndinni er verið að úða sótthreinsandi efnum yfir sætin.



Evrópa var lengur að taka við sér

„Ég hef haft möguleika á að fylgjast með því í Sjanghaí, Suður-Kóreu og Noregi en ég of farið í gegnum flughafnir í Þýskalandi og Danmörku og það er ótrúlegt að sjá hvað munurinn er mikill á öllum þessum löndum,“ segir Kjartan Pétur Sigurðsson sem hefur verið búsettur í Sjanghaí frá árinu 2009, ásamt þarlandri eigin konu sinni og sjö ára dóttur þeirra. Hann er um þessar mundir fastur í Noregi í tveggja vikna einangrun.

Fjölskyldan fór fyrir nokkrum vikum í skíðaferð til Suður-Kóreu. Þetta var áður en faraldurinn hafði breiðst út um allan heim. „Þar var tekið á móti okkur og við mæld og þurftum að auki að fylla út skýrslur með nákvæmum upplýsingum um hvert verið væri að fara, koma og hvað gert og hvort einhver heilbrigðisvandamál hefðu gert var við sig síðustu vikur.“

Á skíðahótelinu vorum við nánast í einangrun líka og ef farið var út þá var maður alltaf með hanska, gleraugu og grímu og sprittbrúsar úti um allt. Hótelstarfsmenn voru allir með grímur og hanska) og þrifu lyftur og alla snertifleti reglulega. Í Seúl voru allir komnir með grímur og fólk þegar farið að hamstra þær. Einnig var hægt að fá gefins grímur á lestarstöðvum, en starfsmenn voru hvergi sjáanlegir. Við fórum með nánast tómri flugvél til baka til Sjanghaí og þar var nánast allt tóm á flugvellinum. Þar tók við önnur skýrslutaka.“

Hann segir faraldurinn ekki hafa haft mikil áhrif á hann persónulega.

„Ég vinn mikið heima við vörubrúna og fleira á ferðavélar, þannig að það er ekki mikil breyting hjá mér persónulega. Það eru miklar sviptingar hjá fólki í kringum mig. Skóla dóttur minnar var lokað og núna vinnur hún öll verkefni í fjartengingu og óhætt að segja að það sé töluvert aukið álag á foreldra. Konan mín var að vinna síðast hjá WeWork og var hönnunardeild hennar lögð niður hjá fyrirtækinu. Hún er núna á launum í einhverja mánuði og nýttir tímann vel til að taka mjög erfið arkitektapróf sem má taka 7 ár að ná. Afí og amma mega ekki að koma í heimsókn lengur. Við erum með nokkrar íbúðir í útleigu meðal annars á Airbnb í Sjanghaí og hefur sá rekstur gengið bærliga enn sem komið er.“

Við vorum með heimahjálpi, sem eldar og tekur til, og hún má ekki lengur koma inn á svæðið, en öllum utanaðkomandi er bannað að koma þar sem við búum. Þannig er það líka víða í Kína og mun strangara sums staðar. Við höfum því alfarið séð um alla eldamennsku, þrif og þvott heima og á íbúðunum okkar. Þar er allt sótthreinsað reglulega með klór, og rúm-föt straujuð með gufu með meiru. Við erum líka með UV-C ljós sem býr til Ozone (O3) sem drepur alla gerla líka. Segja má að fjölskyldan sé búin að lifa í algjörrri einangrun og verður það að teljast mikil tilbreyting frá því sem áður var, börn fá ekki einu sinni að leika sér saman úti. Ef maður þarf að fara út, til dæmis út í búð, þá er notuð gríma og hanskar í hvert einasta skipti, og svo er þvegið á eftir.“



Mikill samhugur

„Það er mikið öryggi í að finna að maður býr í landi, þar sem yfirvöld beita öllum aðferðum, hvað sem það kostar, til að bjarga lífi eins margra og unnt er. Við björgum fólki núna og tökum fjármálin síðar,“ segir Hulda Sæfríður Jónsdóttir sem búsett er í Silkeborg í Danmörku ásamt fjölskyldu sinni. Þegar þetta er ritað hafa 129 manns verið lagðir inn á sjúkrahús með veiruna þar í landi. Þar af eru 24 á gjörgæslu. Fjórir eru látir. Rétt eins og Íslandi er ekki vitað hvort skortur verði á öndunartækjum næstu vikurnar, ef allir veikjast samtímis. „Enginn veit hversu margir eru smitaðir, þar sem fyrir viku var hætt að skíma og skrá fólk sem er bara með væg einkenni. Þeir eru beðnir um að halda sig í einangrun heima í 14 daga. Einungis alvarlega veikir eru skráðir núna og staðan þar er yfir 1.000 manns. Það eru því margir smitaðir, sem eru ekki skráðir. Að „skuggatölunum“ meðtöldum, eru einhverjar þúsundir Dana smitaðar núna,“ segir Hulda.

Allir skólar og barnaheimili eiga að vera lokaðir í síðasta lagi frá 19. mars og næstu 14 daga þar eftir. Allir opinberir starfsmenn, sem ekki sinna lífsnauðsynlegu starfi, mega ekki mæta í vinnu í 14 daga frá föstudeginum. Fólk sem getur unnið að heiman, eigi að gera það og fyrirtæki eru beðin um að hugsa um starfsmenn sína og leyfa þeim að vinna að heiman ef hægt er, eða á vöktum eða dreift í fyrirtækinu. Þá er fólk beðið um að halda sig sem mest heima við, að sögn Huldu. Um helgina var öllum landamærum Danmerkur lokað, til að koma í veg fyrir að fólk sé að þvælast inn og út úr landinu og dreifa smiti. „Við erum vön ferðafrelsi, margir Danir skreppa yfir landamærin reglulega til að versla og margir búa í Svíþjóð en vinna í Kaupmannahöfn. Það var lítill fyrirvari og verðir eru settir við landamærin til að vísa fólki frá, nema fólk hafi sérstaka ástæðu til að koma inn í landið. Danir eru yfirleitt vanir að láta í sér heyrna ef eitthvað er tekið frá þeim. Þýskaland fylgir eftir og lokar á umferð frá Danmörku. Því minni þvælingur, því hægari dreifing á smiti.“ Síðastliðinn miðvikudag, 18. mars, tóku svo í gildi enn strangari reglur. „Öllum verslunarmiðstöðvum er lokað, nema matvöruverslanir og apótek mega vera opin. Kunnar verða að standa í minnst tveggja metra fjarlægð þegar þeir koma að kassanum og það á að vera spritt í búðinni. Einhverjar verslanir hafa sett upp plastskerm milli starfsmanns á kassa og viðskiptavinarins. Allir veitingastaðir, kaffihús, skemmtistaðir, líkamsræktarstöðvar, sólstofur, tattóveringar-

stofur og nuddstofur eiga að vera lokaðar. Veitingastaðir mega þó gjarnan selja „take away“, en fólk má ekki borða inni. Tannlæknar mega bara sinna verkefnum sem ekki er hægt að fresta. Það er bannað að halda samkomur, hvort sem það er úti eða inni, með yfir 10 manns. Guðsþjónustum er aflýst, fermingum verður frestað og fólk er beðið um að fresta skírn og brúðkaupum eða framkvæma slíkt í kyrrþey.“

Hulda segist finna að það ríki mikill samhugur á meðal Dana. Í stað þess að fólk hamstraði fyrir sjálft sig spruttu upp Facebook-grúppur, þar sem fólk bauðst til að hjálpa þeim, sem eru í áhættuhóp, við að kaupa inn. Innkaupapokinn er skilinn eftir á tröppunum og greiðslan send á símanum til þess sem keypti inn. Það er engin snerting. Það var opnuð heimasíða, þar sem hægt er að skrá sig ef maður hefur unnið í heilbrigðisgeiranum áður, og jafnvel námsmenn í heilbrigðisgeiranum eru beðnir um að skrá sig. Á tveimur sólarhringum buðu 1.000 manns fram aðstoð sína. Það er verið er að þjálfa fólk til að stýra öndunarvélum. Það hafa verið keyptar nýjar öndunarvélar og rykið er þurrkað af þeim gömlu. Danir eru að búa sig undir að taka allar 954 öndunarvélnar í notkun.“

Hulda starfar í framhaldsskóla í Árósum og vinnur heima þessa dagana. „Við notum Skype með vefmynda-vél þegar við höldum fundi og hittumst reglulega „online“. Maðurinn minn er líka í banni frá sínum vinnustað og vinnur heima í óákveðinn tíma,“ segir Hulda en synir hennar tveir eru á unglingsaldri og stunda fjarnám meðan á samkomubanni stendur. Fyrirhugað var að yngri sonurinn myndi fermast í vor, en öllum fermingum hefur verið frestað þar til eftir hvítasunnunni, að minnsta kosti. „Eldri sonur minn er að fara að taka bílpróf og átti eftir einn ökutíma og verklega prófið, en ökuskólinn fellur undir kennslu, svo það verður ekkert úr bílprófi í bráð.“ Hulda segir að þrátt fyrir að eldri sonurinn geti ekki fengið ökuskírteini í bráð og sá yngri sjái ferminguna hverfa út í framtíðina þá kvarti þeir ekki. „Við verðum bara að gera það besta úr hlutunum og standa saman. Við berum mikla virðingu fyrir forsætisráðherranum fyrir að taka þetta svona alvarlega og að allir þingmenn ákveði að standa saman, sama úr hvaða flokki þeir koma, með það eitt að leiðarljósi að bjarga eins mörgum mannlífum og hægt er, hér og nú. Við erum vel upplýst og það ríkir mikill samhugur og hjálpssemi. Við hlustum og hlýðum af einni ástæðu: Engan langar að vera númer 955 í röðinni í öndunarvélnar.“

Thelma Rún Heimisdóttir



Tíu metra röð til að kaupa maska

„Um daginn var maður sem ýtti á neyðarbjöllum í lestinni af því að einhver hóstaði. Maður heyrir margar sögur af fólki í lestinni, sem ræðst að þeim sem hósta án þess að vera með maska. En það hefur þó aðeins róast síðustu vikuna,“ segir Thelma Rún Heimisdóttir leikkona sem búsett er í Tókýó. Ólympíuleikar eiga að hefjast þar í borg þann 24. júlí næstkomandi.

„Vegna Ólympíuleikanna í sumar þá reyna stjórnvöld í Japan af fremsta megni að koma í veg fyrir að vírusinn breiðist út, þau byrjuðu fljótt á því að loka skólum, biðja fólk um að halda sig heima og settu á samkomubann, svo fleiri en 50 manns ættu ekki að koma saman. Þess vegna lokuðu þau Disneylandi, mörgum veitingastöðum, kirkjum og fleiru. Í bíó er ekki lengur hægt að kaupa miða með sæti hlið við hlið, til að forðast að fólk sitji of þétt saman. Hjá þeim veitingastöðum sem senda mat heim, til dæmis Domino's, leggja sendlarnir frá matinn frá sér og standa í eins til tveggja metra fjarlægð frá viðskiptavininum. Í Hokkaido, í norðurhluta Japan, var öllu lokað í febrúar, nema matarbúðum og allir voru beðnir um að vera heima,“ segir Thelma jafnframt og bætir við að faraldurinn hafi verið mikið áfall fyrir ferðapjónustuna. Tápð er upp á rúmlega 100 billjónir jena.

Hún segist finna fyrir hræðslu í samfélaginu, þá sérstaklega á meðal eldra fólks.

Lestirnar eru tómar þar sem margir halda sig heima eða ganga í vinnuna. Það vantar ennþá stundum vörur eins og klósettappír og ég hef ekki séð maska í búðum í fleiri, fleiri vikur. Um daginn, í búðinni, þá fengu þau sendingu af möskum og það var heljarinnar löng röð, tíu metrar, af fólki að biða eftir að kaupa maska, en máttu aðeins fá einn pakka á mann.“

Thelma segir faraldurinn þó ekki hafa haft mikil áhrif á hennar daglega líf, enn sem komið er. „Ég var reyndar beðin um að ganga í vinnuna frekar en að taka lest, þannig að núna geng ég tíu kílómetra á dag, sem er nú bara hollt og gott! Reyndar forðast ég eins mikið og ég get að ferðast inn í miðborg Tókýó, þannig að ég er ekki að hitta vini mína jafnoft og ég myndi vilja.“

Sól Ragnarsdóttir



Kýs frekar einangrun í sólinni

„Götunar voru áður fullar af lífi og ávallt eitthvert fólk á ferð. Núna eru allir heima hjá sér og fólk fer ekki út úr húsi nema nauðsynlegt sé. Fólk forðast hvert annað eins og heitan eldinn. Í búðum eru allir með grímur og hanska og passa bilið á milli sín alveg rosalega vel,“ segir Sól Ragnarsdóttir sem starfar sem au pair í Dueville, 13 þúsund manna smábæ á Norður-Ítalíu. Bærinn er í Vicenza-héraði þar sem hlutfall smitaðra er enn sem komið er nokkuð lágt, miðað við aðra landshluta á Ítalíu. Bærinn er þó ekki undanskilinn samkomubanni en að sögn Sólar er búíð að loka öllum helstu stöðum, svo sem líkamsræktarstöðvum, veitingastöðum, börum og söfnum.

Sól hefur eins og aðrir þurft að halda sig heima í rúma viku og mun halda því áfram í rúmlega tvær vikur í viðbót. Kærasti hennar býr í öðru fylki þar sem útgöngubann tók fyrr gildi. „Það er allt lokað og það má bara ein manneskja úr hverri fjölskyldu fara í búðina eða í apótek. Rétt í þessu heyrði ég lögregluna keyra um og skipa fólki sem var úti að fara heim til sín. Reglunar verða sífellt strangari.“

Hún segir andrúmsloftið í bænum vera afar þungt. Ástandið sé erfitt fyrir barnafjölskyldur sem hafa ekki lengur fasta, daglega rútínu. „Þetta er virkilega stressandi því krakkarnir fá auðvitað mikla heimavinnu, en þeir fá ekki að fara og stunda íþróttir eða leika við vini sína,“ segir Sól og bætir við að blessunarlega séu börnin sem hún gætir nálægt hvert öðru í aldri. Þau geti því „böggast“ hvert í öðru.

Sól viðurkennir að hafa tekið fréttum af veirunni af ákveðinni léttúð fyrst um sinn, en það hafi breyst eftir því sem ástandið fór versnandi með degi hverjum. „Ég fæ síðan reglulega spurningar um ástand mitt hér og ég byrjaði þess vegna að „öppdeita“ fjölskyldu og vini á Facebook reglulega. Þetta tekur svo sannarlega á taugarnar, ég ætla ekkert að ljúga um það. Mamma spurði mig í byrjun hvort ég vildi ekki bara koma heim, en ég tók þá ákvörðun að vera hér á Ítalíu og koma ekki heim. Ég vil frekar vera í einangrun og sleikja sólina en að vera í einangrun heima í kuldanum. Annars geri ég mitt besta í að vera bjartsýn. Ég er örugg og allir í minni fjölskyldu hér, svo fyrir það er ég ánægð.“

Guðlaug Ólöf



Íbúar í fjölbýlishúsum eru hræddir

Guðlaug Ólöf Sigfúsdóttir, Lauga, er búsett á eyjunni Bahrain í Persaflóa ásamt eiginmanni sínum, Mikael Lykkegaard Laursen, og tveimur börnum þeirra, Þóru Snædís, 22 ára, og Sebastian, sem er 10 ára. Þar í landi hafa hátt í 250 COVID-19 smit verið staðfest og tilkynnt hefur verið um eitt dauðsfall vegna veirunnar. Samkomubann hefur tekið gildi í landinu og þurfa staðir að tryggja að ekki séu á sama tíma fleiri en 20 manns inni í sama rými. Að sögn Laugu eru veitingastaðir, líkamsræktarstöðvar og kvikmyndahús lokað. Matvöruverslanir eru opnar en aðeins 20 manns fá að vera þar inni í einu.

Lauga segir íbúa Bahrain almennt fara varlega þessa dagana. „Það er þínu ótti á meðal fólks, þá aðallega á meðal þeirra sem búa í fjölbýlishúsum. Þetta hefur haft þónokkur áhrif. Mörgum flugferðum hefur verið aflýst, til dæmis frá Dúbaí, Kúveit og Sádi-Arabíu, og brúin á milli er einnig lokað svo það kemst enginn til eða frá Bahrain,“ segir Lauga. „Margir af vinum okkar sem vinna í Sádi-Arabíu eru núna fastir þar. Það er heldur ekkert flogið til Íran. Verslunarmiðstöðvarnar eru meira og minna tómar alla daga og svo hefur skólalahlagið legið niðri í þrjár vikur.“

Eiginmaður Laugu er flugstjóri hjá DHL, flugfélagi sem sér um fraktflutninga. COVID-19 faraldurinn hefur því ekki haft áhrif á hans störf. Á meðan grunn-skólar í landinu eru lokaðir er nemandum boðið upp á fjarkennslu í gegnum netið. „Við höfum því verið föst heima og það hefur svo sannarlega reynt á þolinmæðina. En annars þá reynum við bara að halda okkur frá fjölförnum stöðum og stórum samkomum.“



MoReq2

Hagkvæmar lausnir
með áherslu á rekjanleika,
auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn
í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga
og þjónustu við viðskiptavini og íbúa þeirra

1 SYSTEMS
one®
www.one.is

OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is

VÖFFLU- DAGURINN

25. mars!



KAUPUKI
FYLGIHVERJU
VÖFFLUJÁRNI*

20%
AFSLÁTTUR

25. mars er alþjóðlegi vöfludagurinn.
Að því tilefni er **20% afsláttur** af vöflujárnum
dagana 20. - 25. mars.



Heimilistæki

„Í hans heimalandi sjá

Upplifun foreldra af því að eiga börn af blönduðum uppruna

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Sonur minn hefur til dæmis sagt við mig áður að hann vilji ekki vera brúnn. Mér þótti mjög leiðinlegt að heyra það og reyndi að segja honum að allir væru fallegir og flottir alveg sama hvernig maður lítur út,“ segir íslensk kona sem á barn með hörundsdökkum manni.

Árið 2018 voru 9 prósent barna á Íslandi skráð með eitt íslenskt og eitt erlent foreldri og teljast því af blönduðum uppruna. Íslenskar mæður telja að þeirra eigin forréttindi yfirfærast sjálfkrafa á börnin þrátt fyrir reynslu barnsfeðra þeirra af rasisma og fordómum gegn dökku litarhafti á Íslandi.

Þetta kemur fram í niðurstöðum lokaverkefnis Önnu Árnadóttur í meistarnámi við Menntavísindasvið HÍ, en í tengslum við verkefnið kannaði Anna reynsluheim hvítra, íslenskra mæðra sem hafa eignast börn með hörundsdökkum mönnum af erlendum uppruna.

Taka meiri ábyrgð á uppeldinu

„Þegar ég sat einn áfanga í Háskólanum komu ástandsárin á Íslandi eitt sinn upp í umræðu og heyrði ég þá í fyrsta sinn af þeirri stefnu Íslendinga að vilja ekki „litaða“ hermenn til Íslands, því ákveðnir stjórnálamenn vildu ekki menga íslenska genamengið. Mér varð þá hugsað til æskuvinkonu minnar sem var kölluð „kanamella“ fyrir það eitt að vilja djamma með þeim og eiga þar

kærasta. Í gegnum hana frétti ég af fleiri stúlkum sem fengu þetta neikvæða viðurnefni fyrir að verja tíma með hermönnum og ég heyrði ýmsar niðurlægjandi sögur af framkomu íslenskra ungmenna gagnvart vinkonu minni og hennar vinahóp.

Þótt ég hafi ekki upplifað þetta sjálf, hefur þetta alltaf setið í mér og ég viðurkenni að það hafi haft áhrif á fyrirfram gefnar hugmyndir um verðandi þátttakendur þar sem ég tel að fordómar séu ríkjandi í reynslu þeirra,“ segir Anna, en í tengslum við rannsóknina ræddi hún við sjö íslenskar mæður á aldrinum 20–49 ára. Þrjár þeirra eignuðust börn með manni frá Afríku, tvær eignuðust barn með manni frá Evrópu, ein með manni frá Asíu og ein með Bandaríkjamanni.

Allar mæðurnar í hópnum segjast taka meiri ábyrgð á uppeldi barna sinna en feðurnir gera. Ein móðirin, Ásrún, segist finna mun á sér og öðrum íslenskum konum sem hún þekki varðandi sameiginlega ábyrgð foreldra á uppeldi:

„Við erum nokkrar hér í umhverfinu sem erum búnar að vera óléttar á sama tíma og erum búnar að eiga á sama tíma núna, þannig að í samanburði við þær, þú veist ég er náttlega búin að vera [óskiljanlegt] þá er þetta bara mjög svipað náttlega nema auðvitað mennirnir þeirra eru þú veist með börnin og kannski meira til staðar og umm já það er kannski helsti munurinn.“

Þá segir önnur móðir, Hafrún:

„Í hans heimalandi sjá karlar ekki um börnin þannig að hann þurfti alveg að venjast því að ég get alveg farið út og hann geti alveg séð um [son] án þess að það sé eitthvað skrítið eða að hann sé að gera mér greiða.“

Mæðurnar ræða einnig þær jafnréttishugmyndir í uppeldinu sem leiða til „blindu“ á hörundslit. Eyrún, sem á tvo syni með manni frá Afríku, er ánægð með að börn hennar séu með blandaðan trúarbragðabakgrunn.

„Ég sé þetta sem svo stóra gjöf fyrir þá af því að þeir verða svo rosalega víðsýnir, þeir koma svo út úr þessu sem, þú veist, með rosalega mikla þekkingu á islam og menningu, þú veist afrísku.“

Fordómar hjá foreldrum

Fram kemur í niðurstöðum Önnu að mæðurnar hafi allar reynslu af rasisma og örareitni hér á landi sem hefur haft áhrif á líðan þeirra. Barnsfeður þeirra sömuleiðis. Tvær af mæðrunum, Ásrún og Eyrún, segja fjölskyldur sínar ekki hafa tekið vel í að þær væru með lituðum mönnum.

Eyrún segir að foreldrar hennar hafi á sínum tíma haft fordóma bæði gegn hörundslit manns hennar og trú hans.

„... þurftu kannski svoldið að venjast þessu og svo er hann múslimi líka þannig að það hefur alltaf flokkað niður með trúna sko, með að vera múslimatrúar, það er að svona kannski einhver svona hindrun í þeirra huga sko hjá foreldrum mínum.“

Fordómar í samfélaginu gagn-

HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202



vart útlendingum og/eða hörundsdökku fólki virðast vera nokkrir ef marka má upplifun feðranna.

Ein móðirin, Hafrún, segir mann sinn til að mynda hafa lent í alvarlegu kynþáttaníði á vinnustað.

„Það var eitthvað með það að hann settist í sætið hjá konunni og hún varð reið út af því og æpti á hann held ég þar og svo kom hann heim og þá fékk hann skilaboð frá henni með fullt af myndum af öpum.“

„Eru þetta börnin þín?“

Allar mæðurnar hafa einhverja sögu að segja sem endurspeglar rasisma og kynþáttafordóma í íslensku samfélagi. Hafrún segist til að mynda hafa áhyggjur af þeim tíma þegar sonur hennar fer að skilja meira, og að honum fari

að líða eins og hann sé eitthvað öðruvísi vegna þess hve margir spyrja um kynþátt föður hans.

Ein úr hópnum, Iðunn, nefnir atvik þar sem dóttir hennar hennar varð fyrir barðinu á rasískum ummælum af hálfu bekkjarfélaga síns.

„Ég man einhvern tímann eftir þá heyrði ég það utan af mér ekki frá minni sko, þá hafði einhver strákur í bekknum hjá minni elstu verið að segja þú veist herna „ég er bara hræddur við [...] hvað hún sé brún?“ ... það varð ekkert meira af því, það var enginn sem var tilbúinn til þess að styðja þetta eitthvað með hann sko, þannig að þú veist það varð bara að engu, annars hefði ég þurft sko að tala við foreldra og eitthvað svona sko, en þetta voru náttlega bara svona fordómar að reyna kveikja upp eitthvað svona.“

Karlar ekki um börnin“

Þá fékk hann skilaboð frá henni með fullt af myndum af öpum



Önnur móðir, Þórunn, talar einnig um viðhorf til kvenna sem sofa hjá svörtum mönnum en þá sé gefið í skyn að þær séu tilbúnar að sofa hjá hverjum sem er ef um er að ræða svarta innflytjendur.

„Alveg eins og það eru stelpur í Keflavík sem eru sagðar vilja bara sofa hjá einhverjum körfuboltastrákum sem koma, einhverjum svörtum körfuboltastrákum og þær eru kallaðar móttökunefndin og þetta er svona, þetta er leiðindastimpill einhvern veginn.“

Þá segist Hafrún hafa lent í því að fólk segi við hana að maðurinn vilji bara vera með henni fyrir peninga og til að fá ríkisborgarétt.

„Fólk hélt að ég væri bara með honum út af því að hann væri svartur og þar af leiðandi myndi ég laðast að öllum svörtum og svo

hélt það líka að hann væri bara með mér fyrir visa og peninga.“

Jórunn nefnir eitt dæmi um rasisma sem situr í henni. Hún var á biðstofu á hárgreiðslustofu og var bæði með elsta son sinn og bróðurson, þá gekk inn maður og hafði uppi rasísk ummæli sem hann taldi vera fyndin.

„Ég og strákarnir bíðum inn á biðstofunni á meðan mamma er í klippingu og hérna annar þeirra er þú veist bláeygður og hvítur og ljóshærður og strákurinn minn er þú veist hann er ljósbrúnn með svart hár og brún augu ... þá kemur karlmaður inn segir „já ... eru þetta börnin þín? Átt þú þessi bæði“ sagði hann og ég segi „nei ég á bara annan þeirra“, „nú dettur mér skemmtilegur brandari í hug“ ... og fer að tala um brandarana af tveimur svertingjum sem

voru að labba eftir strönd oooog „þetta er ekki pabbi hans, hver er þetta þá?“ eitthvað svona þá var það mamma hans og þá, svo spyr hann „vitið þið hver þetta er?“ alla inn á biðstofunni og það þorir þú veist það bara einhvern veginn segir enginn neitt, það vill enginn taka undir þetta hjá honum.“

Teknar í guðatölu

Fram kemur í rannsókn Önnu að allar mæðurnar hafi haft uppeldishugmyndir sem bera vott um hvíta forrættindahyggju. Þær hafi sjaldan gert sér grein fyrir forrættindum sínum sem hvítir Íslendingar, þar sem þær hafa aldrei þurft að hugsa um eigin hvítleika og hlutverk sitt í viðhaldi kerfisbundins rasisma.

Tvær úr hópnun, Ásrún og Jórunn, lýsa til að mynda því

þegar þær heimsóttu fæðingarland barnsfeðra þeirra. Þar nutu þær áberandi meiri virðingar innan þess samfélags og meiri forrættinda en aðrir vegna þess að þær voru hvítar. Þá segir Jórunn að börn hennar njóti meiri forrættinda í landi föður þeirra en heimamenn þar sem þau séu ljósari á hörund.

„Ég er fyrsta hvíta manneskjan inn í þeirra fjölskyldu ... en það er líka þú veist þau eru með enn mjög mikla litafordóma, af því að ef þú ert of dökkur, þá ertu heldur ekki nógu góður ... því dekkri sem þú ert því lægra settur ertu því að þá hefurðu unnið úti ... ég er komin upp á bara stall núna, ég á svo ljós börn.“

Mikilvæg rannsókn

Í niðurstöðunum nefnir Anna meðal annars að rannsóknin varpi

jósi á „blinduna“ á hörundslit sem einkennir íslenskt samfélag vegna almennra viðhorfa um kynþáttajafnræði sem ríkja á Íslandi.

Niðurstöðurnar bendi til þess að þrátt fyrir að hvítar íslenskar mæður séu meðvitaðar um rasisma í íslensku samfélagi, þá hugsa þær minna um hvít forrættindi sín (e. white privilege). Þær hafi viðteknar hugmyndir um kynþáttajafnrétti á Íslandi og séu haldnar hugmyndum um „litblindu“ (e. color-blindness) á hörundslit, sem hefur áhrif á uppeldisfræðilegar hugmyndir þeirra.

„Rannsóknin er mikilvæg hvað varðar innsýn á þá þætti sem hafa áhrif á velferð barna sem eru dökk á hörund, einkum þegar kemur að aðlögun þeirra að samfélaginu og baráttu gegn fordómum og fáfræði sem stuðla að rasisma í íslensku samfélagi.“ ■

COVID-19 og neytendur

Hvaða rétt átt þú í þessari fordæmalausu stöðu?

Við lifum á fordæmalausum tímum. Þessa setningu höfum við heyrt trekk í trekk undanfarnar vikur. Hversdagsleikinn hefur verið hrifsaður úr höndum okkar og sjá margir fram á erfiða tíma sökum veikinda, sóttkvíar, atvinnu- og tekjumissis. Neytendur eru því margir komnir í strembna stöðu. Hér eru nokkur atriði sem íslenskir neytendur geta haft í huga á þessum fordæmalausu tímum, ekki er um tæmandi upptalningu að ræða og eru lesendur hvattir til að sækja sér upplýsingar á vefjum yfirvalda, stofnana, stéttarféлага og tryggingafélaga svo dæmi séu tekin.

Bankar bjóða greiðslufrest

Þrjár stærstu bankar landsins hafa ákveðið að bregðast við ástandinu og bjóða viðskiptavinum sínum upp á lausnir til að mæta mögulegum greiðsluvanda sökum kórónuveirufaraldursins, meðal annars vegna atvinnumissis eða veikinda.

Landsbankinn býður upp á frestun afborgana á íbúðalánunum. Frestunin felur í sér að ekkert er greitt af láninu í allt að sex mánuði, hvorki afborganir né vextir. Kostirnir við þennan möguleika eru að viðskiptavinur hefur svigrúm til að standa af sér fjárhagsleg áföll en ókosturinn er að lánið heldur áfram að safna vöxtum eftir sem áður sem bætast við höfuðstólinn. Heildarlánstími helst svo óbreyttur svo búast má við að afborganir verði eitthvað hærri þegar greiðslur hefjast að nýju. Eins er hægt að sækja um greiðsludreifingu kreditkorta, hækkan yfirdráttar, og Aukalán til fimm ára í gegnum netapp bankans.

Hægt er að sækja um frestun greiðslna íbúðalána í gegnum landsbankinn.is. Til að fá úrræðið þarf að gera viðauka við lánið og þinglýsa og kostar það 10.000 krónur auk 2.500 króna þinglýsingargjalds.

Íslandsbanki býður upp á frystingu útlána tímabundið. Frysting þessi er í reynd sambærileg greiðslufresti og heldur lánið eftir sem áður áfram að safna vöxtum. Eins er viðskiptavinum bent á möguleikann að endurfjármagna lán eða gera skilmálabreytingu þar sem lánstími er lengdur til að lækka greiðslubyrði. Einnig er boðið upp á að dreifa kortagreiðslum, hækka yfirdráttarheimild og óska eftir tímabundnu láni í gegnum app bankans. Hægt er að bóka símtal við ráðgjafa í gegnum islandsbanki.is.

Arion banki býður einstaklingum að gera hlé á afborgunum í allt að þrjú mánuði. Þá er lánið fryst og ekkert greitt af því í þrjú mánuði. Afborganir og vextir leggjast þá á höfuðstól lánsins til hækkanar og þegar afborganir hefjast að nýju verða þær því hærri en áður. Einnig er boðið upp á að dreifa kortagreiðslum, hækka yfirdráttarheimild og óska eftir tímabundnu láni í gegnum app bankans. Til að sækja um frestunina er hægt að hafa samband við adstod@arionbanki.is.

Hvað með pakkaferðina?

Neytendastofa hefur gefið út þær upplýsingar að þeir sem eigi pantaðar svokallaðar pakkaferðir eigi rétt á að afpanta ferð ef um óvenjulegar og óviðráðanlegar aðstæður sem hafa áhrif á framkvæmd ferðarinnar er að ræða. Dæmi um slíkar aðstæður séu til dæmis sjúkdómar eða farsóttir.

Neytendasamtökin hafa gefið út að margir hafi leitað til þeirra þar sem ferðaskrifstofur hafi neitað að endurgreiða ferðir að fullu í tilfelli afbókana, þó um sé að ræða ferðir til skilgreinda áhættusvæða vegna COVID-19. Neytendasamtökin taka fram að ferðalangar eigi rétt á að afpanta pakkaferðir áður en þær hefjast, gegn greiðslu þóknunar sem oft er staðfestingargjaldið. Hins vegar hefur ferðaskrifstofa ekki rétt á þessari þóknun ef um óvenjulegar aðstæður er að ræða, en samtökin telja ljóst að það eigi við um stöðuna í dag, sérstaklega þegar um er að ræða fyrirhugaðar ferðir til áhættusvæða. Endurgreiðsla skal þá berast innan 14 daga. Neytendasamtökin hvetja ferðalanga til að hafa samskipti sín við ferðaskrifstofu skrifleg til að draga úr hættu á misskilningi. Ekki er ljóst hversu langan fyrirvara ferðalangar þurfa að gefa, en samtökin hafa óskað eftir álitum Neytendastofu á því álitaefni.

Eins hvetja samtökin ferðalanga til að varast inn eignarnótur. Lögin tali um endurgreiðslu ferðakostnaðar og hætta sé á að inneignarnótur verði verðlausar, fari allt á versta veg.

Flugferðir

Framangreint gildir bara um pakkaferðir. Önnur sjónarmið eiga við þegar um flugferðir er að ræða. Ef flugfélag aflýsir flugi sökum ástandsins þá á farþegi rétt á fullri endurgreiðslu, en ekki skaðabótum. Ef farþegi hættir við flugið sjálfur þá myndast ekki bótaréttur og ekki réttur til endurgreiðslu farmiða fyrir utan skatta og gjöld. Þá gæti verið hægt að leita til trygginga- eða kortafyrirtækja en í skilmálum þeirra má stundum finna ákvæði um stöðuna þegar komið er í veg fyrir ferð vegna hafta yfirvalda. Því eru lesendur hvattir til að kynna sér skilmála hjá tryggingafyrirtæki sínu eða kortafyrirtækjum og kanna stöðu sína.

Hvað ef ég kemst ekki heim?

Ef þú ert staddur í pakkaferð, en kemst ekki heim sökum hafta og banna þá ber þjónustuveitanda þínum að aðstoða þig. Meðal annars með því að koma til þín upplýsingum um heilbrigðisþjónustu og breytingu á ferðaplönnum. Ferðaskrifstofan á að sjá þér fyrir gistingu í að hámarki þrjár nætur, að þeim liðnum gætir þú sjálfur þurft að standa undir kostnaði.

Hvað með vinnuna og launagreiðslur?

Ástandið þýðir óumflýjanlega að margir atvinnurekendur verða fyrir miklum fjárhagslegum skelli og í slíkrri stöðu vofir hættan á uppsögnum yfir. Ríkisstjórnin hefur því lagt fram frumvarp sem miðar að því að fólk fái rýmri heimildir til atvinnuleysisbóta samhliða minnkun starfshlutfalli til að skapa hvata til þess að atvinnurekendur grípi síður til uppsagna og frekar til þess að minnka starfshlutfall. Þá vonandi tímabundið.

Einstaklingar í sóttkví og einangrun hafa margir áhyggjur af afkomu sinni. Veikir einstaklingar hafa rétt á að klára veikindadaga sína hjá vinnuveitanda og leita svo til sjúkrasjóða stéttarféлага. Þeir sem sitja heima með veik börn geta að sama skapi nýtt veikindadaga vegna barna hjá vinnuveitanda og síðan skapast réttur í sjúkrasjóðum stéttarfélaganna.

Einstaklingar í sóttkví eiga að fá greitt frá atvinnurekanda samkvæmt nýju lagafrumvarpi Alþingis. Atvinnurekandi getur svo sótt um aðstoð stjórnvalda til að standa straum af þessum greiðslum. Þetta er tímabundið úrræði sem miðast við sóttkví frá 1. febrúar 2020 til og með 30. apríl 2020. Sóttkví á ekki að ganga á veikindarétt launamanns.

Foreldrar barna í sóttkví eiga rétt til fjarvista án launa en eiga að geta nýtt ótekið orlof. Stéttarfélag vinna nú að úrlausnum í samstarfi við stjórnvöld til að tryggja að launamenn verði ekki fyrir tekjumissi í þessum aðstæðum.

Ef atvinnurekandi lokar vinnustað tímabundið vegna faraldursins þá falla launagreiðslur ekki niður. Eins ef atvinnurekandi sjálfur óskar eftir því að launamaður sæti sóttkví.

Annað gildir þó þegar launamaður tekur sjálfur ákvörðun um sóttkví, þá án fyrirsmála yfirvalda. Slíkt er þá gert á eigin áhættu og eigin kostnað.

Kvíði getur fallið undir veikindahugtakið, svo þeir sem treysta sér ekki til vinnu sökum kvíða geta átt rétt til launa í veikindum en þurfa þá að afla sér læknisfræðilegs mats.

Foreldrar barna sem verða fyrir skerðingu á skólastarfi eiga ekki rétt til launa. Þá þarf að nýta orlofsrétt eða óska eftir launalausum leyfi, nema viðkomandi geti sinnt vinnu sinni heima. ■

Erla Dóra
erladora@dv.is





EIGUM MARGA
LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR & UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR

Nánari upplýsingar á
mt.is og í s: 580 4500



Gaman heima

20. mars 2020

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



COREDATA SOLUTIONS:

Íslenskt hugvit og fjarlausnir fyrir fyrirtæki og stofnanir

Fjarvinna verður leikur einn með CoreData. Þar er að finna í einni lausn, allt það sem sameinar það besta í skjala-, verk- og málástjórnun. Með íslensku hugviti höfum við byggt upp og rekið frábærar lausnir með góðum árangri.

Viðskiptavinir CoreData eru af öllum stærðum og gerðum og tilheyra hinum ýmsum atvinnugreinum. Viðskiptavinir okkar hafa meðal annars komið böndum á óreiðu skjala, náð yfirsýn yfir öll verkefni og tryggt

öruggan rekstur. Þeim markmiðum hafa þeir náð með lausnum frá CoreData.

Við teljum að íslensk fyrirtæki þurfi hraða innleiðingu hugbúnaðarlausna þannig að þau séu fær um að aðlaga sig að síbreytilegu umhverfi. Við gerum félögum kleift að koma til móts við starfsmenn sína með auknum sveigjanleika með aðgangi að öllum skjölum og verkefnum hvar sem er í heiminum og hvenær sem þeim hentar.

Frá umsókn til undirritunar.

Viðskiptavinir þínir hafa aðgang að vefgátt þar sem þeir geta sent inn umsóknir, athugasemdir, beiðnir og önnur erindi – allt eftir þínum þörfum. Allt þetta ferli er pappírslaut og hvert rafrænt undirritað skjal sparar tíma, bilferðir og umstang viðskiptavina. Að sama skapi spara rafræn skjöl og umsóknir tíma starfsmanna við vinnslu, stýttir afgreiðslutíma og stuðlar að umhverfissvænni rekstri.

Með því að velja CoreData eykur þú

sveigjanleika í þínu fyrirtæki ásamt því að styðja við fjarvinnu. Ef þú kannast við þessar áskoranir, ekki hika við að heyra í okkur – við setjum upp fjarfund og ræðum málin.

Nánari upplýsingar á www.coredata.is
Tölvupóstur: coredata@coredata.is
Sími: 550-3900

Átt þú erfitt með að finna réttu skjölin?

Við hjálpum þér að skipuleggja skjölin þín á einfaldan og þægilegan máta. Að auki er mjög öflug leit í kerfinu sem hjálpar þér að finna það sem þú ert að leita að.

Þurfa viðskiptavinirnir ennþá að heimsækja þig?

Væri ekki betra fyrir alla aðila ef þeir gætu skráð sig rafrænt inn og sent þér umsóknir, verkbeiðnir og önnur gögn á öruggan og pappírslausan máta?

Vinna eða heimavinna?

CoreData er aðgengileg og þægileg lausn þar sem þú hefur öll skjölin, verkin og málin í skýinu. Þú hefur yfirsýn og aðgang að öllu því sem þú þarft til að sinna þínu starfi – hvar sem þú ert í heiminum! Þú kemur meiru í verk með CoreData lausnum.

Skjölin mín



Öll skjöl og verkefni á einum öruggum og skipulögðum stað

Verkin mín



Forgangsraðaðu verkefnum rétt og komdu meiru í verk

Málin mín



Trygguðu öruggt vinnuumhverfi með þínum samstarfsaðilum, birgjum og viðskiptavinum með rafrænum hætti

Vantar þig aðgang að skjölum þínum – sama hvar þú ert?

Við geymum öll skjölin þín í skýinu fyrir þig og þú hefur aðgang að þeim hvar sem er í heiminum.

Vantar þig betri yfirsýn verkefna?

Öllum verkefnum er hægt að úthluta ákveðnum starfsmönnum, tengja við þína viðskiptavini og fylgjast svo með stöðu þeirra.

Þarft þú að auka samvinnu teyma – bæði á skrifstofunni og annars staðar?

CoreData býður upp á skýra yfirsýn yfir verk, mál og öll skjöl sem þeim tengjast á einum notendavænum stað.

PREPPUPP.IS:

Sterkara ónæmiskerfi með heimsendum mat frá Preppup

Fjöldi fyrirtækja býður upp á hentuga þjónustu sem er eins og sérsniðin fyrir þá sem sitja fastir heima fyrir í sóttkví, ja eða okkur hin, sem viljum og þurfum að takmarka ferðir okkar á fjölfarna staði líkt og matvörubúðir. Preppup er eitt þessara stórsniðugu fyrirtækja, en Preppup útbýr næringarríkan heimilismat úr hágæða hráefnum og heimsendir til viðskiptavina sinna. Fyrirtækið er ekki nema sex mánaða gamalt en hefur heldur betur vaxið fiskur um hrygg. Viðskiptavinum fjölgar stött og stöðugt enda finnur fólk hratt mun á sér og á auðveldara með að ná markmiðum sínum. Á undanförunum vikum hefur salan hjá Preppup stóraukist í ljósi breyttra aðstæðna í samfélaginu af völdum Covid-19 veirunnar.

Það hefur sjaldan verið jafnbrýnt að viðhalda heilbrigðu ónæmiskerfi og einmitt nú. Margir hafa skipt út ræktarferðum fyrir heimaæfingar til þess að viðhalda ónæmiskerfinu. En það er alveg jafnmikilvægt að borða hollt. Kokkarnir hjá Preppup elda næringarríkan mat sem styður við virkni ónæmiskerfisins og hjálpar líkamanum að berjast gegn sýkingum.

Augljós árangur

Eigendur Preppup fylgdust grannt með 15 einstaklingum sem neyttu einskis annars en

matar frá Preppup í þrjár vikur. Einstaklingarnir náðu allir að greinnast eða þyngjast samanber þau markmið sem þeir settu sér, og meðal annars minnkaði kólesteról verulega hjá einum á þessum stutta tíma. Mataræði hefur gífurlega mikið að segja þegar kemur að heilbrigði og markmiðasetningu. Pantaðu strax í dag og komdu ónæmiskerfinu í lag.

Ferlið hjá Preppup er sára einfalt

1. Þú pantar
2. Við eldum
3. Sendum matinn
4. Þú hitar og nýtur
5. Sérsniðið matarplan

Preppup skiptir réttunum sínum upp í fjóra flokka, sem þú velur á milli eftir því hvert markmið þitt er, hvort sem þú vilt skera niður, bæta á þig, viðhalda þyngd eða ert á veganfæði. Hægt er að fá 1-4 máltíðir á dag 3, 5 eða 7 daga vikunnar. Þá hakarðu við þær máltíðir sem þú vilt fá og hversu oft. Við hverja máltíð sérðu nákvæma útlístu á næringarinnihaldi. Þannig er enginn vandi að halda utan um hvað þú ert að innbyrða. Hver máltíð er sérstaklega samsett þannig að hún innihaldi mikið af næringarefnum en sé jafnframt bragðgóð. Það hefur aldrei áður verið jafn einfalt og ánægjulegt að borða hollt.



Kjúklingabringa með nípú, brokkolí, kartöflubátum og hvítlauksjógurtsósu.



Dæmi um veganmáltíð: Oumph í heimagerðu pestó með sætkartóflum, ristaðar hnetur og hvítlaukssósa.



Dæmi um máltíð til að viðhalda: Teriyaki nautaspijót með kúskús og mangó-chili salati.



Stækka

13.300 kr. Vikan (1.900 kr. Máltíðin)

Days a week

3 5 7

Meals per day

1 2 3 4

VELDU ÞETTA

Þessar völdu máltíðir eru til þess að hjálpa þeim sem vilja þyngjast og bæta á sig vöðvum

Tímasparnaður

Sendingar berast á mánudögum eða fimmtudögum. Hver máltíð fyrir hvern einstakling kemur í einu boxi sem auðvelt er að grípa með sér ef maður er á ferðinni. Maturinn er tilbúinn til neyslu og má stinga beint í örbylgjuofninn til að hita upp. Stundum þarf þó að taka frá fersk salöt eða jógurtsósur. Fyrir utan það hve maturinn er hollur og góður, þá sparar það gífurlegan tíma á hverjum degi að þurfa ekki að ákveða hvað eigi að vera í matinn, elda, vaska upp og þrifa eftir á. Með svona góðan og hollan mat er enn auðveldara og skemmtilegra að ná markmiðum sínum.

Pantaðu þér hollan og næringarríkan heimilismat frá Preppup á preppup.is Hlíðarsmári 8, 200 Kópavogur Sími: 519-9887 info@preppup.is Instagram: @preppup





AP-ÞRIF EHF:

býður í ljósi aðstæðna nú upp á sóttthreinsun á vinnustöðum

Á tímum veirusmits og sóttvarna er mikilvægt að hafa í huga að hreinlæti er besta vörnin gegn smitsjúkdómum. Í ljósi aðstæðna og vegna fjölda fyrirspurna hefur AP-Þrif ákveðið að bjóða fyrirtækjum og stofnunum upp á sóttthreinsun á vinnustöðum. Sú hreinsun felur í sér sóttthreinsun á öllum helstu snertiflötum eins og hurðarhúnum, slökkvurum, handriðum og fleiru. „Við höfum töluverða reynslu af því að sóttthreinsa vinnustaði og rými þar sem fjöldi fólks fer í gegn. Til að mynda höfum við sinnt ræstingum á starfsstöðvum Strætó á höfuðborgarsvæðinu í mörg ár. Einnig höfum við séð um daglega ræstingu í Smáralind og Egilshöll síðan í fyrravor. Við bjóðum upp á að sóttthreinsun sé framkvæmd að degi til eða eftir lokun vinnustaða. Fyrir frekari upplýsingar er hægt að senda okkur tölvupóst á ath-thrif@ath-thrif.is,“ segir Hrund Sigurðardóttir, einn af eigendum AP-Þrif ásamt Bjarka Þorsteinssyni og Arnari Þorsteinssyni.

Almenn og sértæk verkefni

AP-Þrif ehf. er hreingerningafyrirtæki sem tók formlega til starfa í júlí 2006. Hjá AP-Þrif starfa nú um 130 manns og er fyrirtækið það þriðja stærsta á landinu á þessu sviði. „Við tökum að okkur allt sem

viðkemur þrifum. Þá er sérsvið okkar iðnaðarþrif fyrir byggingaverktaka ásamt daglegri ræstingu fyrir fyrirtæki. Auk þess erum við með öflugan gluggaþvottadeild þar sem við þjónustum fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

Við bjóðum svo upp á gólfþrif og mygluþrif. Við hikum ekki við að taka að okkur ýmis sérverkefni, við byggjum á áralangri reynslu og góðri þekkingu. Það er um að gera að hafa samband við okkur ef þú hefur verkefni í huga fyrir okkur. Við leggjum megináherslu á metnað, gæði og umfram allt framkvæmdaglegi í öllum okkar störfum.“

AP-Þrif er stolt af því að hafa fengið viðurkenningu fyrir Framúrskarandi fyrirtæki þrjú ár í röð. „Einnig erum við Svansvottuð og notum við eingöngu umhverfisvæn efni við ræstingar. Svansvottunin er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna og tekur ekki einungis til umhverfismála heldur gerir það einnig gæðakröfur, þar sem umhverfismál og gæðamál fara oft saman. Þetta þýðir að Svansvottunin er einnig gæðastimpill.“

Skeiðarás 12, 210 Garðabæ

Sími: 517-2215

Tölvupóstur: ath-thrif@ath-thrif.is

Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðu fyrirtækisins ath-thrif.is

Facebook: AP-Þrif ehf.





Fyrir hana



Fyrir hann



Fyrir pör

EKKI LÁTA ÞÉR LEIÐAST Í SÓTTKVÍ:

Kynlífstækjaverslunin Hermosa er með fría heimsendingu

Sóttkví“ er ekki mest eggjandi orð í heimi, en neyðin kennir naktri konu að spinna og einangruðum einstaklingum og þörum mikilvægi þess að leika sér. „Það er orðið miklu minna tabú að ræða um kynlíf og kynlífstæki en var hér áður fyrr og ég held að það sé að skila sér í fullnægðari þörum og einstaklingum og hamingjusamara fólki almennt. Við bjóðum ennþá upp á fría heimsendingu á öllum vörum, hvert á land sem er, sem fólk er duglegt að nýta sér. Fólk lætur sér greinilega ekki leiðast þótt það sé fast heima í sóttkví sem sést á þeirri aukningu sem hefur orðið í sölu á kynlífstækjum hjá okkur síðustu vikur.“

Fljúgandi fullnægging

Hermosa er með umboð á Zalo-kynlífstækjum. „Zalo er afar framfarlega þegar kemur að framleiðslu kynlífstækja fyrir konur. Í fyrra var Zalo Queen t.d. valið besta kynlífstækið fyrir konur, besta lúxuskynlífstækið og besta pakkningin.

Í ár valdi XBIZ Awards Zalo Amour sem kynlífstæki ársins 2020, en XBIZ er risahátíð þar sem koma saman stærstu nöfnin í kynlífstækja- og klámiðnaðinum. Zalo Amour er ólíkt öllum öðrum eggjum á markaðnum í dag. Það er nett og létt með tvo ofurmjúka vængi sem þú getur notað til þess að örva snipinn eða látið þá dansa inni í þér. Eggið er fjarstýrt og hægt er að nota annaðhvort titrandi bakliðina eða sveiflandi vængina til að leika við snipinn. Tækið hentar bæði byrjendum sem

lengra komnum og hjálpa þér að ná djúpri fullnæggingu. Hægt er að velja um sex mismunandi takta og fimm hraðastillingar.

Við erum mjög spennt fyrir tveimur væntanlegum vörum frá Zalo. Nokkrar tafir hafa orðið á hönnunar- og framleiðsluferlinu vegna virusástandsins, en þeir búast við að kynna vörurnar á næstu mánuðum.“ Þess má geta að öllum Zalo-vörum fylgir tíu ára ábyrgð frá framleiðanda. „Komi upp framleiðslugalli á tækinu innan tíu ára fær kaupandinn 50% afslátt af næstu keyptu vöru frá fyrirtækinu. Ábyrgðin kemur beint frá framleiðandanum og er ekki bundin við seljandann.“

Fullnægjandi einangrunarpakkar á afslætti

„Satisfyer vörurnar hafa verið gífurlega vinsælar hjá okkur enda frábærar vörur fyrir karla, konur og pör. Við völdum saman nokkrar vinsælar Satisfyer vörur og nauðsynlegar aukavörur eins og sleipiefni og nuddolíur í einangrunarpakka, sem við bjóðum nú á 25% og 35% afslætti. Það geta auðvitað allir keypt pakkana, hvort sem þeir eru í sóttkví eður ei.“

Einangrunarpakki fyrir pör 35% afsláttur. Inniheldur svartan Satisfyer Multifun 3, Satisfyer ring 2, Kamasutra nuddolíu, sleipi- og hreinsiefni.

Einangrunarpakki fyrir hann 25% afsláttur. Inniheldur Satisfyer men wand, sleipi- og hreinsiefni.

Einangrunarpakki fyrir hana 25% afsláttur. Satisfyer Pro 2 Vibration, tvöfaldar grindarbotnskúlur frá Satisfyer, sleipi- og hreinsiefni.

Fimm stjörnur og fullnægðir viðskiptavinir

„Umsagnirnar frá viðskiptavinum hafa eiginlega verið fram úr hófi jákvæðar hvort sem um ræðir vörur eða þjónustu. Allar þessar frábæru umsagnir hvetja okkur til að vera á tánum og leita sífellt nýrra leiða til að auka þjónustuna en frekar gagnvart okkar frábæru viðskiptavinum. Umsagnir fjalla í mörgum tilfellum um þau markmið sem við höfum sett okkur, þ.e. gott verð, fría heimsendingu og þægilega vefsíðu. Að auki er fólk himinlifandi yfir þjónustunni, en við bjóðum til dæmis upp á 30 daga skilafrest, í stað hinna lögbundnu 14 daga. Við leitum sífellt að nýjum leiðum til þess að uppfylla þarfir viðskiptavina okkar og veita þeim betri þjónustu.“

Hér má lesa nokkrar umsagnir hjá ánægðum viðskiptavinum Hermosa.

„Ég gef 100% meðmæli með Satisfyer G spot rabbit! Ég gef einnig 100% meðmæli með Hermosa en þau voru með langlægsta verðið (munaði 20%! á Hermosa og samkeppnisaðila) snögg að koma vörnunni til skila og þægilegt viðmót.“

„Með þessu töfrataeki (King Cock Strap On) er hægt að senda bakhlutann í ólýsanlegt og tryllt ævintýri. Ég hlakka til næsta skiptis.“

„Þjónustan er alltaf típtopp! Varan komin daginn eftir í ómerkum umbúðum sem er mjög gott þegar maður á nágranna sem eru óþægilega „athugull“...“

Kynna kynlífstæki í vindahópum Í ársbyrjun 2020 hóf Hermosa að bjóða upp á heimakynningar. „Við vildum undirbúa okkur vel áður en við tækjum þetta skref og höfum nú haldið fjölda kynninga. Það hefur auðvitað orðið samdráttur á heimakynningunum síðustu vikurnar, en þær eru þó enn í boði. Samkomubannið nær yfir 100 manns eða fleiri. Rýmið sem kynningin er haldin í verður að sama skapi að bjóða upp á að fólk geti haldið tveggja metra fjarlægð. Og að sjálfsgöðu erum við dugleg að spritta.“



Kíktu við í hermosa.is og skoðuðu úrvalið.

Facebook: [Hermosa.is](https://www.facebook.com/hermosa.is)

Instagram: [hermosaisland](https://www.instagram.com/hermosaisland)

ERTU Í SÓTTKVÍ?

Ekki láta þér leiðast. Frábær pakkatilboð og frí heimsending.



35% AFSLÁTTUR

Einangrunarpakki fyrir pör
16.852 kr 22.470 kr



Einangrunarpakki fyrir hana
16.852 kr 22.470 kr

25% AFSLÁTTUR



25% AFSLÁTTUR

Einangrunarpakki fyrir hann
16.852 kr 22.470 kr



HERMOSA.IS



EKKI LÁTA ÞÉR LEIÐAST HEIMA:

Tómstundataekin í Ping Pong skemmta þér og þínum

Éitt það jákvæðasta sem fólk sér við þessi tæki er að þau fá krakkana frá tölvuskjánum og til að hreyfa sig," segir Sigurður Valur Sverrisson, eigandi verslunarinnar Pingpong.is en þar er mikið úrval af klassískum tómstundataekjum, til dæmis framúrskarandi pílukastsvörur og borðtennisbúnaður. Enn fremur

fæst þar allur búnaður fyrir billjard, snóker og pool. Mörg af þessum tækjum henta vel í bílskúrinn eða sumarbústaðinn og þeim fylgir allt sem þarf til að stunda þessa leiki, svo sem spaðar og kjuðar.

Gjafabréf fyrir drauminn

Margir eiga sér þann draum að vera með borðtennisborð, fótboltaspil

eða poolborð í kjallaranum. Þá er fátt tilvaldara en að gefa slíkum einstaklingum gjafabréf með verðupphæð að eigin vali frá Ping Pong í feringargjöf. Til þess að kaupa gjafabréf er nóg að mæta í Síðumúlann eða hafa samband við okkur í síma 568-3920 eða 897-1715. Einnig má senda vefpóst á pingpong@pingpong.is.

Pingpong.is er til húsa að Síðumúla 35 (gengið inn að aftanverðu). Verslunin er opin virka daga frá kl. 12:30 til 18:00. Símanúmer er 568-3920 og 897-1715 og netfang pingpong@pingpong.is. Vefsíða er á slóðinni pingpong.is.

Hér gefur að líta nokkur dæmi um frábærlega skemmtileg tómstundataeki úr Pingpong fyrir alla fjölskylduna en það er um að gera að koma í búðina og skoða úrvalið betur.



Borðtennisborð í bílskúrinn eða sumarbústaðinn.
Verð frá: 33.557 kr. m/neti.

Dú hittir svo sannarlega í mark með þythokkiborði! Þythokkiborð mini.
Verð frá: 11.990 kr. m/vsk.
Þythokkiborð stór.
Verð frá: 96.927 kr. m/vsk.



Píluspjöld á breiðu verðbili:
Verð frá: 8.750-38.800 kr.



Nú er frisbigolfvelli að finna út um land allt. Fullkomið í ferðalagið. Frisbi-golfsett
Verð frá: 5.400 kr. m/vsk.

Stórskemmtileg fótboltaspil.



Körfuboltaspjöld.
Verð frá: 56.800 kr. m/vsk og upp.



GEISLATÆKNI:

Laserskurður og ryðfrí smíði í hæsta gæðaflokki

Fyrirtækið Geislatækni ehf. var stofnað í ársbyrjun 1998 af feðgunum Grétari Jónssyni og Jóni Leóssyni. Tilgangurinn með stofnun fyrirtækisins var að kaupa og annast rekstur á laserskurðarvél sem hentaði íslenskum markaði.

Fjölbreyttur og öflugur tækjakostur

Fram að stofnun Geislatækni hafði þjónusta á sviði laserskurðar ekki verið fánleg hérlandis og þurfti að leita út fyrir landsteinana eftir henni. Keypt var vél af gerðinni Trumpf, 2.6 kw frá Bandaríkjunum. Voru starfsmenn Geislatækni fyrsta árið þeir að meðtöldum Jóni og Grétari.

Undanfarin ár hefur félagið fjárfest umtalsvert í nýjum búnaði hvort heldur varðandi plötuvinnslu eða smíði. Geislatækni tók ákvörðun snemma á ferlinum að halda sig meira og minna við einn framleiðanda af laser- og beygjuvélum frá þýska fyrirtækinu TRUMPF Werkzeugmaschinen

GmbH sem er einn af leiðandi framleiðendum á þessu sviði málmíðnaðar. Geislatækni býr í dag yfir fjölbreyttum og öflugum tækjakosti sem hefur stóreflt gæði og þjónustu til viðskiptavina. Í dag eru á þriðja tug starfsmanna hjá Geislatækni í þremur deildum, framkvæmdarstjóri fyrirtækisins er Grétar Jónsson.

Heildarlausnir á sviði laserskurðar og annarrar plötuvinnslu

Geislatækni er með heildarlausnir í allri plötuvinnslu ásamt sérsmíði og sérhæfðum lausnum sniðnum að þörfum hvers og eins. Við önnumst einnig smíði á mörgum sviðum svo sem á ryðfríum innréttingum (skápar, vaskaborð, borðplötur o.fl.) auglýsingaskiltum, rafmagnsskápum, tönkum og fleiru. Með því að vinna náið með samstarfsaðilum okkar tryggjum við að verkefni séu heildstæð og hámarksárangur náist við útfærslu. Geislatækni notar nýjustu

aðferðir við að skera og beygja stál þannig að úr verði ihlutur í hæsta gæðaflokki. Þjónustan byggir á laserskurði og beygingu á málmum sem opnar áður óþekkta möguleika í plötuvinnslu sem nýtist á breiðu sviði iðnaðar og framleiðslu. Við aðstoðum viðskiptavini frá byrjun til enda og tökum þátt í hönnun og útfærslu eftir þörfum. Með heildarþjónustu tryggjum við gæði verksins og ánægju viðskiptavinarins. Við tökum við hugmyndum á hvaða stigi sem er og útfærum með verkkaupum og smíðum.

Geislatækni framleiðir ihluti fyrir hátækni framleiðslulínur fyrir matvælaíðnað og fleira sem krefst hámarks nákvæmni úr ryðfríu stáli. Með laserskurði fá ihlutirnir nákvæma lögun þannig að hver hlutur gegni sínu hlutverki sem best. Eftir að laserskurðarvélin hefur lokið við skurð er lítil eftirvinna, kantar eru jafnir og eingöngu þörf fyrir gráðuhreinsun.


Um er að ræða hreinan skurð þegar lasertækni er beitt, þar sem notað er köfnunarefni (N2) sem skurðar- og hlífðargas, en þegar skorið er á hefðbundinn hátt með plasma- eða logskurði þá hitnar efnið mikið, það getur valdið hitaverpingi og við það missir efnið styrkleika sinn og eiginleika.

Að loknum laserskurði og gráðuhreinsun fer hluti af viðkomandi framleiðslu í beygingu og hefur fyrirtækið fjórar CNC-beygjuvélar frá Trumpf í Þýskalandi með 100–230 tonna pressukrafti.

Geislatækni getur einnig beygt kónískar beygjur (beygjulínur sem eru ekki samsíða köntum) með sex ása vél og getum við því gert flóknari ihluti sem sparar oft mikinn tíma í framleiðslu.

Geislatækni býður alla velkomna að hafa samband eða líta við til að kynna sér betur þjónustu okkar. Á heimasíðu félagsins www.laser.is / gt@laser.is – Sími -5878400

Tímavélin



þú drekkur sykurlaust Soda Stream með góðri samvisku!

Gamla auglýsingin

Alþýðublaðið, 10. maí 1984

Strætisvagnar í sóttkví vegna alnæmisótta

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



I upphafi níunda áratugarins stóð heimsbyggðin frammi fyrir óþekktum faraldri sem engin lækning var við. Það var alnæmi. Umræðan sem spratt upp á sínum tíma einkenndist af ótta og óvissu og var í raun ekki ósvipuð þeirri umræðu sem á sér stað í dag um COVID-19.

Enginn þorði að stíga upp í „Aids vagnana“

„Stífell fleiri verða fórnarlömb AIDS og nú er vitað um kringum 2.000 tilfelli. Sjúkdómurinn leggst aðallega á homosexualista og eiturlýfjaneytendur.

Þegar hefur orðið vart nokkurs ótta meðal almennings hér á landi vegna AIDS og rætt til hvaða ráðstafana sé hægt að grípa svo sjúkdómurinn berist ekki hingað til lands.“

segir í frétt Tímans árið 1983, rúmlega tveimur árum eftir að fyrstu fréttir af hinni nýju og óþekktu veiru birtust í bandarískum miðlum. Í frétt Tímans kom fram að það væri „aðeins tíma-spursmál hvenær veiran myndi berast til Íslands.“

Umfjöllun íslenskra fjölmiðla á þessum árum bar merki um hversu mikil vanþekking var á sjúkdómnum og einnig hversu stutt var í fordóma. Talað var um „hommaveikina“ og „kynvillingapláguna.“

Þann 13. nóvember 1985 var greint frá því í DV að tveir strætisvagnar hefðu verið settir í sóttkví í tíu klukkustundir á þvottastöð SVR á Kirkjusandi vegna ótta starfsmanna um að „AIDS-veiran“ leyndist í vögnunum. Enginn starfsmanna þorði að stíga inn í vagnana.

Nóttina áður hafði illa haldinn útigangsmaður haft uppi ólæti í báðum vögnunum og lét vagnstjórana og aðra nærstadda vita af því að hann væri með eyðnisjúkdóminn. Við Hlemm komu fjórir lögreglumenn, vopnaðir gúmmihönskum, og fjarlægðu manninn. Seinna kom þó í ljós að um einhvers konar misskilning var að ræða, allavega reyndist útigangsmáðurinn ekki vera smitaður af sjúkdómnum.

„Það var ekki fyrr en SVR-menn höfðu fengið fullvissu frá heilbrigðisyfirvöldum og lögreglunni um að sagan um sjúkdómnum inn hræðilega væri uppspuni að strætisvagnarnir tveir voru aftur teknir í notkun,“ segir í frétt DV.

„Við tókum þá ákvörðun að koma ekki nálægt þessu fyrr en við hefðum fengið einhverjar leiðbeiningar frá heilbrigðis-efirlitinu eða læknum um hvernig ætti að



Hinn hræðilegi sjúkdómur AIDS breiðist út

TVEIR STRÆTISVAGNAR Í SÓTTKVÍ VEGNA AIDS

Skýringin á AIDS-sjúkdómnum e.t.v. fundin?:

Telur svínasótt orsök kynvillingaplágunnar í Bandaríkjunum

„Kynvillingaplágan“ veldur sívaxandi ótta

umgangast svona,“ sagði starfsmaður á þvottastöð SVR í samtali við DV.

Stakk upp á að smitberar yrðu merktir

Rúmlega viku síðar birtist pistill undir liðnum Dagfari í DV. Þar minnst greinarhöfundur á ofangreinda frétt um strætisvagnana:

„Sannleikurinn er sá, að það er víðar en í strætó sem fólk er farið að gera varúðarráðstafanir. Á fjölmönnum vinnustöðum eru yfirlýstir hommar settir í einangrun og eru vinsamlegast beðnir um að nota sérstök salerni, hreinlætistæki og vistarverur.

Nú er það svo að það er ekki hægt að loka slíkt fólk inni í búrum þegar það ferðast með strætó en auðvitað kæmi til greina að merkja hugsanlega smitbera líkt og gyðinga forðum og vísa þeim á sérstaka bása í vögnunum öðrum til viðvörunar. Það er að minnsta kosti betra og ódýrara heldur en að aka hverjum og einum vagni í sóttkví í hvert skipti sem grunur leikur á farþega sem fengið hefur veiruna eða gæti hafa fengið veiruna eða mundi geta fengið veiruna.“

Þá lagði greinarhöfundur til að lög-

reglufélagið gerði þá kröfu í næstu kjarasamningnum að bæði gúmmihanskar og gasgrímur fengjust endurgjaldslausi á liðið ef lögreglan ætti ekki að vera „helsti Aids smitberi landsins.“

„Eða hvers eiga stálhraustir glæpamenn og hjófar að gjalda þegar lögreglan stendur þá að verki ef þeir geta búist við því að smitast við handtökuna af þessum déskota án þess að koma nokkrum vörnum við?“

„Ekki blóð, ekki AIDS“

Í frétt NT árið 1985 segir:

„AIDS-hræðslan hefur gripið Íslendinga. Strætisvagnar eru taldir hættulegir, salerni á opinberum stofnunum og margt fleira. Spítalarnir finna líka fyrir þessu. Læknum féllust hendur nú fyrir skömmu á Borgarspítalanum, þegar verið var að svæfa sjúkling fyrir aðgerð. Rétt áður en óminnið tók við reis sjúklingurinn upp og grátbað lækna að láta sig frekar fara, heldur en dæla í sig blóði. Ekki blóð, ekki AIDS voru síðustu orð mannsins áður en hann sofnaði.“

Það sama ár sagði Haraldur Briem sótt-

varnarlæknir í samtali við DV: „Við fáum fyrsta AIDS-tífellið hér á Íslandi innan tveggja ára, á því er lítil vafi.“

Vildu koma á fót einangrunarstöð

Guðjón Ragnar Jónssonar var ungur samkynhneigður maður á Íslandi þegar fyrstu tilvik alnæmissjúkdómsins komu fram. Í bók sinni Hin hliðin lýsir

hann því meðal annars hvernig andrúmsloftið var á þessum tíma. Allt umhverfið var markað „Plágunni“ og margir töluðu fyrir því að einangra þennan „hættulega“ hóp.

„Ég minnst þess að móðir mín sem þá starfaði sem hjúkrunarfræðingur hafði miklar áhyggjur af þessu og taldi að hér væri um heimsfaraldur að ræða. Fjölmiðlar tóku í sama streng og þar voru og á tíðum yfirlýsingar um hvað þyrfti að gera til að sporna við plágunni.“

Á öðrum stað ritar Guðjón að á sínum tíma hafi alnæmisveiran verið sett í sama flokk og svartidauði. „Svo fátíðleg var umræðan að sumir framámenn töluðu í fullri alvöru um mikilvægi þess að koma á fót einangrunarstöð fyrir eyðnismitaða homma. Nokkurs konar sóttvarnarbúðum til að einangra þá eyðnisjúklinga sem kynnu viðvitandi að fara ógætlega í samskiptum við annað fólk. Þar átti að vera nóg pláss og auðvelt að koma upp öflugri sóttkví fyrir skítugu börnin hennar Evu.“

Hugsjóna- maður eða kaupsýslu- maður?

Svifst einskis
Alex hefur meðal
annars verið
sakaður um að
selja gervilyf
gegn COVID-19
veirunni.

■ Alex Jones og Infowars ■ Hefur byggt upp stóran hóp stuðningsmanna ■ Setur fram staðlausar samsæriskenningar

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



A síðustu tveimur áratugum hefur Alex Jones, sem er oft kenndur við Infowars, tekist að vera í sviðsljósinu með því að setja fram hverja staðlausu samsæriskenninguna á fætur annarri, með því að hella úr skálum reiði sinnar yfir allt og alla og með því að hræða fólk með dómsdagsspám. Samfélagsmiðlar hafa lokað á hann þar sem boðskapur hans byggist eingöngu á lygum og samsæriskenningum sem eiga sér enga stoð í raunveruleikanum. Það þarf því kannski ekki að koma á óvart að Donald Trump Bandaríkjaforseti hefur lýst yfir aðdáun sinni á Jones.

Á undanförunum árum hefur Jones kannski einna helst verið í sviðsljósinu vegna útilokunar hans frá samfélagsmiðlum og réttarhalda yfir honum fyrir að breiða út lygar um fjöldamorðin í Sandy Hook-grunnskólanum þar sem 20 fyrstubeckingar voru myrtir auk sex fullorðinna. Jones hefur haldið því fram að þetta eigi sér enga stoð í raunveruleikanum og að um sviðsetningu hafi verið að ræða, leikarar hafi verið í hlutverkum syrgjandi foreldra. Ástæðan að hans sögn var að yfirvöld ætluðu að nota málið til að þrengja að reglum um skotvopnaeign Bandaríkjamanna. Hann var nýlega dæmdur til að greiða háar bætur til foreldra eins af börnunum sem voru myrt, fyrir þessar samsæriskenningar sínar og lygar. Óhætt er að segja að stjórnmálaskoðanir hans séu langt til hægri á hinu pólitíska litrófi og séu öfgahægrihyggja.

Jones hefur notað miðil sinn, Infowars, til að breiða út þennan boðskap og annað sem hann telur sig þurfa að koma á framfæri við umheiminn. Hann flokkar sjálfur Infowars sem fjölmiðil en ekki eru allir sáttir við þá flokkun og telja að frekar megi líkja Infowars við netverslun sem notar ummæli Jones til að selja varning sinn. Innkoma Infowars byggist að mestu á sölu á margs konar heilsuþóttarefnum, að minnsta kosti eru þau sögð vera það, og pökkum sem eiga að hjálpa fólk að lifa af ef samfélagið hrynur til grunna. Jones er iðinn við að ræða um þennan varning.

Reiðir miðaldra hvítir karlar

Í úttekt New York Times á ferli Jones kemur fram að hann hafi bæði sýnt mikil klókinni sem kaupsýslumaður og sem hugmyndafræðingur. Hann hafi lagað sig að breyttum tímum á pólitíska sviðinu og í fjölmiðlun og hagnist vel á því. Þetta hafi honum tekist þrátt fyrir að hafa reglulega farið yfir mörk þess sem telst viðeigandi hegðun gagnvart almenningi.

Á rúmlega tveimur áratugum hefur Jones, sem er nú 46 ára, tekist að byggja upp töluvert stóran og tryggan hóp stuðningsmanna. Þessi hópur samanstendur að mestu af reiðum, miðaldra, hvítum karlmönnum. Þessi hópur á það sameiginlegt að vilja hlýða á boðskap eins og Jones breiðir út, það er að ríkisstjórnin og opinberar stofnanir séu á eftir þeim og vilji til dæmis svipta þá réttindum á borð við að geta átt skotvopn. Boðskapurinn miðar einnig að því að byggja upp hugmyndir um að heimsendir, eða því sem næst, sé skammt undan og því verði þeir að vera enn frekar á varðbergi og enn betur vopnaðir til að lifa af.

„Ég er ekki kaupsýslumaður. Ég er byltingarsinni,“ sagði hann eitt sinn í viðtali. Ef það er rétt þá hefur honum tekist vel upp við að gera byltinguna að gróðamaskínu. Ekki er annað að sjá en að hann hafi áttað sig á að þeir sem hlusta á hann og fylgja honum að málum eru markhópurinn fyrir þær vörur sem hann selur í gegnum vefsíðu Infowars og samnefndan útvarpsþátt, varningur sem á að ýta undir þann ótta sem hann kyndir undir með orðum sínum. Infowars og tengd fyrirtæki eru einkafyrirtæki og þurfa því ekki að gera rekstrarniðurstöður sínar opinberar. En miðað við það sem Jones sagði fyrir dómi 2014 þá voru tekjur fyrirtækjanna rúmlega 20 milljónir dala. Gögn sem The New York Times komst yfir sýndu að þetta ár kom megnið af tekjunum af sölu á ýmsum varningi, til dæmis Super Male Vitality, sem á að sögn að auka magn testósteróns í líkamnum, og Brain Force Plus, sem á að efla vitræna starfsemi heilans. Dómskjöl, í tengslum við skilnaðarmál Jones, frá 2014 sýna að hagnaður fyrirtækja hans það ár var rúmlega 5 milljónir dala. Fólk sem hefur starfað með honum eða rannsakað umsvif hans segir að flest bendi til að tekjur hans hafi haldið áfram að aukast eftir þetta.

Heitt í hamsi Alex á marga dygga stuðningsmenn.



Vaxandi vandræði

En á undanförunum árum hefur Jones lent í ýmsum vandræðum. Að minnsta kosti fimm mál hafa verið höfðuð gegn honum, þar á meðal þrjú frá fjölskyldum barna sem voru myrt í Sandy Hook. Fyrirverandi starfsmenn hans hafa stefnt honum fyrir meinta mismunum á vinnustaðnum. Hann stóð í erfiðum dómsmálum vegna fyrirnefnds skilnaðar og forsjár yfir þremur börnum þeirra hjóna. Einnig tókust þau á um viðskiptaveldið.

Fyrir tveimur árum fóru stóru samfélagsmiðlarnir einnig að þrengja að honum. Facebook, YouTube, Twitter, Apple, Spotify og meira að segja Pinterest settu honum miklar takmarkanir þannig að hann átti erfitt með að ná til áheyrenda sinna. Síðar lokuðu miðlarnir algjörlega á hann. Þetta hefur eðlilega dregið úr möguleikum hans á að ná til þeirra sem vilja hlusta á hann og þar með á hann erfiðara með að auglýsa þær vörur sem honum hefur annars orðið vel ágengt með að selja áheyrendum.



Sumir láta blekkjast Einhverjir trúðu því að Pizzagate væri raunverulegt og þyrfti að rannsaka betur.

Ég er ekki kaup-sýslumaður. Ég er byltingarsinni.

sínum í gegnum árin. Hann verður því að mestu að láta sér nægja að koma boðskap sínum á framfæri í gegnum vefsíðu Infowars og í útvarpsþætti sínum sem er útvarpað á rúmlega 100 útvarpsstöðvum um öll Bandaríkin.

En Jones tókst auðvitað að gera sér mat og pening úr þessu og auglýsti ýmsar vörur á tilboði undir því yfirskeni að það þyrfti að bjarga Infowars og internetinu frá yfirgangi samfélagsmiðlanna.

Skothelt gler

Infowars er með höfuðstöðvar sínar í byggingu í iðnaðarhverfi í Austin í Texas. Þar situr Jones bak við skothelt gler og breiðir út boðskap sinn. Húsið er ómerkt og margar eftirlitsmyndavélar eru á því. Hann bauð blaðamanni New York Times í heimsókn fyrir um tveimur árum gegn tveimur skilyrðum. Ekki mátti segja hvar höfuðstöðvarnar væru og að allt samtalið yrði tekið upp.

Jones vildi ekki upplýsa hversu marga starfsmenn hann er með en fyrir dómi 2017 sagðist hann vera með 75 starfsmenn og 10 verktaka. Það þarf kannski ekki að

koma á óvart að í viðtalinu sagði Jones að skotvopn væru geymd í höfuðstöðvunum, en þau væru aðeins til varnar ef þörf krefði.

Í viðtalinu sagði Jones að þau vandræði sem hann glímdi við væru sönnun þess að alþjóðlegt net vinstrisinnaðra samtaka vilji þagga niður í honum. Hann sagðist vita að tæknifyrirtæki, kínverskir kommúnistar, demókratar og hinir hefðbundnu fjölmiðlar ætluðu að nota hann í baráttunni gegn Trump, að rangtúlka það sem hann hefur sagt og klína því á Trump.

„Rannsóknir“

Jones hvetur hlustendur sína oft til að „rannsaka“ lygarnar og kenningarar sem hann setur fram. Ekki er útilokað að þetta hafi orðið til þess að einhverjir hlustendur hans hafi framið afbrot.

Árið 2000 náðu Jones og myndatökumaður hans að lauma sér inn á Bohemian Grove, þar sem alþjóðlegir kaupsýslumenn og stjórnmálamenn hittast í sumarfríi sínu, nærri Monte Rio í Kaliforníu. Þar tóku þeir upp myndbrot sem Jones fullyrti ranglega að sýndi „undarlega helgisiði“. Tveimur árum síðar fór þungvopnaður stuðn-

ingsmaður Jones inn á þetta sama svæði og kveikti í. Hann sagðist trúa orðum Jones um að þarna væru börn misnotuð kynferðislega og fólk væri fórnauð.

Í kosningabaráttunni fyrir forsetakosningarnar 2016 hélt Jones ekki aftur af sér við að breiða út lygarnar um hið svokallaða „Pizzagate“ en því fólst að Hillary Clinton, sem atti kappi við Donald Trump um forsetastólinn, og demókratar starfræktu barnaníðingshring á pítsastað í Washington D.C. Edgar Maddison Welch, einn hlustenda Infowars, mætti síðan á pítsastaðinn síðla árs 2016 vopnaður ársárriffli. Hann hugðist rannsaka málið og bjarga börnum sem hann talði að væri haldið föngnum á staðnum. Hann hleypti af skotum inni á staðnum en viðstaddir

náðu að flýja. Hann var dæmdur í fjögurra ára fangelsi.

Jones hefur árum saman breitt út fyrirnefndar lygar um að engin skotárás og fjöldamorð hafi átt sér stað í Sandy Hook-grunnskólanum. Árið 2015 fékk Leonard Pozner, sem missti son sinn Noah í voðaverkinu í Sandy Hook, YouTube til að fjarlægja eitt af lygamyndböndum Jones um þetta. Í kjölfarið birti Jones upplýsingar um Pozner, hvar hann ætti heima og annað. Þetta kemur fram í dóm skjólum. Lucy Richards, tryggur hlustandi Infowars, var síðar dæmd í fangelsi fyrir að hafa haft í hótunum við Pozner eftir þetta. Hún hótaði að verða honum að bana. Pozner-fjölskyldan hefur síðan nánast verið í felum og stefndi Jones síðar fyrir þetta. ■

Brif og ræstivörur Daglegar eða reglulegar ræstingar.

Öll þrif fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili

Vaktsími allan sólarhringinn

Það er alltaf hægt að hafa samband við okkur ef óvænt verkefni koma upp.

Hafðu samband og fáðu tilboð í verkið

Vaktsíminn er 8652425

Frostaötu 4c, 603 Akureyri Símar: 461 5232 / 892 | Netfang: thrif@thrif.is | Veffang: www.thrif.is

SAKAMÁL



HEL RÁÐ Í HÖFÐABORG

■ Najwa Petersen bruggaði eiginmanni sínum launráð ■ Leigumorðingjarnir guggnuðu

Taliep Petersen var suðurfrískur tónlistarmaður, nokkuð frægur að sögn og því ekki loku fyrir það skotið að einhver sem þetta les kannist við kauða.

Taliep, sem fæddist 15. apríl, árið 1950, var múslimi, tvíkvæntur og sex barna faðir. Seinni kona Talieps var Najwa Petersen sem var af auðugri, namibískri fjölskyldu komin; Dirk-fjölskyldunni. Fjölskyldan hafði komið ár sinni vel fyrir borð með viðskiptum með ávexti og demanta.

Sagan segir að samband Najwa og föður hennar hafi verið náðið og sennilega ástæða þess að hún átti að baki þrjú misheppnuð hjónabönd þegar hún giftist Taliép; enginn eiginmanna hennar stóðst samanburð við föður hennar. Það er önnur saga.

Frásögn Najwa

Þegar þessi saga hefst er Taliép Petersen liðið lík. Hann var myrtur 16. desember, árið 2006, í Höfðaborg í Suður-Afríku. Án efa gerðist ýmislegt í málinu næsta hálf árið eða svo, en það var þó ekki fyrr en 18. júní, 2007, að Najwa var handtekin.

Upphaflega hafði Najwa sagt lögreglu að kvöldið þegar Taliép var myrtur, hefði hún tekið á sig náðir í eigin svefnherbergi, hjónin deildu ekki svefnherbergi, eftir að hafa tekið lyfin sín. Síðan hefði hún hringt í vin sinn sem hefði selt fyrir hana demanta til að athuga hvort hann hefði fengið greiðslu. Hann sagði svo vera og að hann væri á leið til hennar með greiðsluna.

Krafin um peninga

Það næsta sem Najwa vissi, að eigin sögn, var að hún var vakin af hettuklæddum manni sem beindi byssu að höfði hennar og krafði hana um peninga.

Najwa sagðist hafa farið með manninum inn í svefnherbergi Talieps þar sem öryggisskápurnir var og séð hann krjúpa á gólfinu og rann blóð úr nefi hans eða munni.

Að sögn Najwa var um tvo innbrotspjófa að ræða, en hún mundi ekki hvort þeir hefðu báðir verið vopnaðir. Hún lét þann vopnaða fá 50.000 rand og andvirði 300.000 rand í Bandaríkjadöllum.

Síðan var Najwa læst inni í hennar eigin svefnherbergi og þaðan hringdi hún í mágkonu sína. „Á meðan ég talaði við hana heyrði ég skothvelli“, sagði Najwa.

Þrjár tilraunir

Reyndar var Najwa margsaga um atburðarás umrædds kvölds og um síðir kom í ljós hvernig í pottinn var búíð. Frásagnir annarra sem voru í húsinu, til dæmis fullorðins sonar Najwa frá fyrra hjóna-



Kaldrifjaða eiginkonan Najwa sveifst einskis í ráða-bruggi sínu.

Tónlistarmaðurinn Taliép Petersen var illa svikinn.



bandi, voru engan veginn samhljóða frá-sögn Najwa sjálfar.

Najwa var handtekin á heimili sínu og var síðar ákærð, ásamt þremur vit-orðsmönnum, fyrir morðið á Taliép.

Við réttarhöldin kom í ljós að hjónaband Najwa og Talieps hafði sennilega ríðað til falls snemma árs 2006. Þá hafði Najwa haft samband við vin Dirks-fjölskyldunnar, mann að nafni Fahiem Hendriks, og beðið hann að finna einhvern sem myndi koma Taliép fyrir kattarnef gegn all-

„Á meðan ég talaði við hana heyrði ég skothvelli“

vænni þóknun. Fyrstu tvær tilraunirnar mistókust, en allt er þegar þrennt er.

Þrjár leigumorðingjar

Það eina sem stóðst nánari skoðun í frásögn Najwa var að þrjú menn bönguðu upp á heima hjá Taliép kvöldið örlagaríka í desember árið 2006 og Taliép fór grunlaus til dyra.

Þar voru á ferðinni Abdoer Emjedi, Waheed Hassen og Jefferson Snyders, sem höfðu verið ráðnir af Hendriks.

Eftir að hafa yfirbugað Taliép og gengið duglega í skrokk á honum fór einn þremminganna, Waheed Hassen, um húsið með Najwa og safnaði saman fé, skartgripum og farsímum. Allan tímann, að sögn Waheeds, spurði Najwa hann ítrekað: „Hvenær ætlarðu að klára þetta?“

Najwa „klárar þetta“

Jefferson mun hafa yfirgefið heimilið áður en stóru tíðindin gerðust og þegar að því kom að „klára þetta“ komu einhverjar vöflur á Waheed Hassen.

Waheed hafði sett kodda yfir andlit Talieps en guggnaði þegar að því kom að hleypa af.

Najwa tók skammbyssuna af Waheed og skaut einu skoti sem fór í gegnum hálsinn á Taliép. Samkvæmt vitnisburði streymdu tárin niður kinnar Talieps þegar hann gerði sér grein fyrir því að Najwa var með í þessu öllu.

Najwa fékk 28 ára dóm, Abdoer Emjedi 24 ár og Waheed Hassen 25 ár en Jefferson slapp með skrekkin og fékk sjö ára dóm. ■

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



Í KLÓM VEIRUNNAR

■ Afþreying og skemmtanir raskast ■ Þetta eru áhrif COVID-19 á Hollywood

Áhrifa COVID-19 faraldursins gæti víða í Hollywood – allt frá frægasta þegni bresku krúnunnar til tónlistarhátíðarinnar Coachella. Viðburðum hefur verið frestað, frumsýningum seinkað og tökum á vinsælum sjónvarpsþáttum kollvarpað vegna veirunnar sem greindist í Wuhan í Kína í byrjun árs. DV ákvað að stikla á stóru um áhrif COVID-19 á afþreyingarbransann vestanhafs, en þar sem gríðarlega mikið magn af afþreyingar efni er framleitt á ári hverju eru litlar sem engar líkur á að við verðum uppiskroppa með skemmtiefni á næstunni, þrátt fyrir áhrif kórónaveirunnar.

Lengri bið Bond mætir ekki á réttum tíma.



Auð bíósæti

Úr bíóheimum kennir ýmissa grasa. Margir tóku andköf þegar að MGM-kvikmyndaverið tilkynnti um miðjan febrúar að nýjasta Bond-myndin, No Time to Die, yrði ekki frumsýnd í Kína í apríl. Þá urðu aðdáendur James Bond utan Kína fyrir miklum vonbrigðum þegar sýningu myndarinnar um heim allan var frestað fram í nóvember á þessu ári. Þá átti að frumsýna myndina Peter Rabbit 2: The Runaway í mars en búið er að fresta henni fram í ágúst.

Taka átti upp myndina Misson: Impossible 7 á Ítalíu, Mekka kórónavírusins. Tökuliðið ætlaði að eyða þremur vikum við tökum í Feneyjum en þurfti að bylta þeim áformum vegna veirunnar og fresta tökum um óákveðinn tíma. Einnig er búið að gera tveggja vikna hlé á tökum á The Batman með Robert Pattinson í aðalhlutverki.

Leikarinn og kvikmyndagerðarmaðurinn John Krasinski hefur frestað frumsýningu myndar sinnar, A Quiet Place Part II, sem átti að fara í almenna sýningu 12. mars. „Ég ætla að biðja með að sýna myndina þar til við getum öll séð hana saman,“ skrifaði John á Twitter. Þá sagði Dwayne „The Rock“ Johnson frá því á Instagram að Fast and Furious 9 yrði ekki frumsýnd á alþjóðavísu í maí í ár eins og áætluð gerði ráð fyrir heldur í apríl á næsta ári. „Sjáumst næsta vor,“ sagði hann. „The Rock“ bauð síðan upp á aðra tilkynningu á Instagram þann 14. mars þar sem hann sagði frá að tveggja vikna hlé væri gert á tökum á nýjstu Netflix-myndinni hans, Red Notice, en í öðrum hlutverkum í henni eru Ryan Reynolds og Gal Gadot.

Frum-sýna átti margar myndir í Kína í febrúar og mars, þar á meðal Óskarsmyndirnar Jojo Rabbit, Little Women og 1917, en öllum frumsýningum hefur verið aflýst vegna COVID-19.

GRAFÍSK HÖNNUN



Lógó
bréfsefni
bæklingar
myndskreytingar
merkingar o.fl.

XPRENT
HÖNNUN OG MERKINGAR

Sundaborg 1
104 Reykjavík
777 2700
xprent@xprent.is



Mikil óvissa Ekki er ljóst hvenær kvikmyndahátíðin í Cannes fer fram.

Hátíðarhöld í óvissu

COVID-19 hefur einnig mikil áhrif á ýmsar kvikmyndahátíðir. Forsvarsmenn kvikmyndahátíðarinnar í Cannes í Frakklandi, sem oftast fer fram í maí, hafa ekki frestað hátíðinni en segjast fylgjast náið með ástandinu. Því gæti farið svo að hátíðinni yrði frestað. Þá mun Tribeca-kvikmyndahátíðin ekki fara fram í New York frá 15. til 26. apríl, en hátíðinni hefur ekki enn verið fundin ný dagsetning. Einnig er búið að fresta kvikmyndahátíðinni SXSW í Texas, sem átti að hefjast um miðjan mars og standa til 22. mars. Skipuleggjendur vinna nú að því að finna nýjar dagsetningar fyrir hátíðarhöldin. Úr tónlistarbransanum er það helst að fréttu að árlegu kántrítónlistarverðlaununum, ACM, hefur verið frestað fram í september, en veita átti þau verðlaun þann 5. apríl næstkomandi í Las Vegas.

Piparjónkan í Bandaríkjunum

Kórónavírusinn hefur einnig haft gríðarleg áhrif á framleiðslu sjónvarpsefnis. Hlé hefur verið gert á tókum á raunveruleikaþættinum The Amazing Race, sem felst í því að láta fólk ferðast heimshluta á milli og leysa gátur. Þetta var tilkynnt í lok febrúar og tekið skýrt fram að enginn í tókuliði eða meðal keppenda hefði greinst með vírusinn.

Aðdáendur The Bachelor og The Bachelorette urðu líka fyrir höggi þegar ákveðið var að sextánda sería af The Bachelorette yrði eingöngu tekin upp í Norður-Ameríku, en ekki um heim allan. Þá er einnig búið að fresta tókum á nýjustu

þáttaröð raunveruleikaþáttarins Survivor, en tókur áttu að hefjast seinna í þessum mánuði á Fídjeyjum. Áætlað er að tókur hefjist seinni hluta maímánaðar ef allt gengur að óskum.

Varðandi leikna þætti er það helst að fréttu að tókum var frestað á Grey's Anatomy þann 12. mars. Stefnt er að því að hléið vari í að minnsta kosti tvær vikur. Þá er einnig búið að fresta tókum á unglingsdramanu Riverdale.

Mikið hefur einnig breyst í spjallþáttum vestanhafs og hefur þeim annaðhvort verið slegið á frest eða þeir teknir upp án áhorfenda.

Enginn rekinn heim Tókum á Survivor hefur verið frestað.



Kaldhæðni örlaganna Tókur á lækna-drama í pásu.



Hugsar um heildina
Mariah Carey er hjartahlý.

„Okkur þykir leitt að valda ykkur vonbrigðum“

Tónlistarmenn hafa einnig þurft að breyta sínum plönunum vegna COVID-19. Idol-stjarnan Kelly Clarkson hefur frestað tónleikaröð sinni í Las Vegas, sem átti að hefjast á fyrsta degi aprílmánaðar. Hún hefst hins vegar ekki fyrr en í júlí. Celine Dion hefur einnig þurft að fresta tvennum tónleikum í Bandaríkjunum og Miley Cyrus hætti við að koma fram á fjárflyunartónleikum í Melbourne í Ástralíu þann 13. mars, með þeim afleiðingum að hætt var við herlegheitin. Söngkonan Mariah Carey hefur frestað tónleikum sínum á Hawaii fram í nóvember og Jonas Brothers halda ekki tónleikaröð í byrjun apríl í Las Vegas eins og áætlað var. „Okkur þykir leitt að valda ykkur vonbrigðum, en það er mikilvægt að allir geri það sem þeir geti til að flestir séu heilbrigðir,“ sögðu söngelsku bræðurnir á samfélagsmiðlum.



Brusúsöng-kona Celine Dion frestar líka.



Stór ákvörðun
Orlando og Katy hafa frestað brúðkaupi sínu.

Bíða með brullaupið

COVID-19 hefur einnig mikil áhrif á einkalíf stjarnanna, en þar ber helst að nefna brúðkaup söngkonunnar Katy Perry og leikarans Orlando Bloom, sem tilkynntu nýverið að þau ættu von á sínu fyrsta barni saman. Þau ætluðu að ganga í það heilaga í Japan í sumar, en hafa nú frestað þessum stóra degi um óákveðinn tíma.

Skellt í lás


Í fjórða sinn í sögu skemmtigarðsins Disneyland, sem var opnaður í Kaliforníu árið 1955, hefur garðinum verið lokað, sem og hótelum á svæðinu tengdum garðinum. Forsvarsmenn garðsins vinna náið með yfirvöldum og verður garðurinn opnaður aftur þegar það þykir hentugt og öruggt.

Þá, líkt og hér á landi, hefur einu frægasta leikhúsi heims, Broadway verið lokað þar til um miðjan apríl.

Ein vinsælasta tónlistarhátíð heims, Coachella í Kaliforníu, átti að fara fram í apríl en hefur verið frestað fram í október.

Þá hefur viðburði á vegum dragdrottningarinnar RuPaul, DragCon verið aflýst, en DragCon átti að fara fram í maí í Kaliforníu.

LA Pride, hinsegin dögum í Vestur-Hollywood, hefur einnig verið aflýst, en gleðihöldin áttu að fara fram um miðjan júní. Skipuleggjendur eru að fara yfir stöðuna og hugsanlega verður hátíðin haldin síðar á árinu.



Ótrúlegt en satt Disneyland er lokað.



Sérstíðin stefnumótasiða fyrir þá sem langar á alvöru deit.

Er einhver að leita að þér?

Ertu að leita að nýju ævintýri? Langar þig að kynnast einhverjum nýjum eða nýrri?

Deit er fyrir alla 18 ára og eldri.

Deit.is er ný og spennandi stefnumótasiða, sem fór í loftið rétt upp úr áramótum. Frá opnun síðunnar hefur mikill fjöldi fólks á breiðu aldursbili nú þegar skráð sig í áskrift og stöðugt bætist í hópinn. Þetta er fólk á aldrinum 18-82 ára með fjölbreytt áhugamál og því eru yfirgnæfandi líkur á því að þú finnur einhvern sem þú líkar við. Stefnumótamenning nútímans er snúin og erfitt getur verið að finna sér maka eða nýja vini. Það nenna ekki allir á pöbbinn og dansleikir heyra sögunni til. Í dag fer leit að lífsförunaut að stórum hluta í gegnum stefnumótasiður.

Öflug leitarvél

Deit.is er traust og örugg stefnumótasiða fyrir alla sem vilja kynnast nýju fólki og er vefsíðan snúin að þeim sem er alvara með að finna lífsförunaut. Deit.is býður notendum upp á fullkomið leitarkerfi þar sem hægt er að leita eftir aldri, kyni, kynhneigð, persónuleika, búsetu, áhugamálum, hæð, þyngd, líkamsbyggingu, reykingarvenjum, áfengisvenjum, menntun, stjörnumerkjum og margt fleira.

Viltu að aðrir taki eftir þér?

Það er hægt að vera eins sýnilegur eða ósýnilegur á deit.is og manni sýnist. Kerfið getur þú stillt þannig að þú sért með lokaðan prófil og hafir frumkvæði að leitinni. Þá getur þú skoðað prófil annarra án þess að þeir fái tilkynningar um það. En að sjálfsögðu ráða lögmál markaðsfræðinnar á deit.is eins og annarstaðar. Við mælum því með því að notendur setji inn leitaraskilyrði og að vera með minnst eina góða ljósmynd af sér. Þú einfaldlega setur inn þær upplýsingar sem þér hentar á þinn eigin prófil svo að aðrir notendur finni þig. Leitarkerfið gerir sitt besta við að tengja þig við þá sem eru að leita að þér.

Prófill notenda.

Á deit.is geturðu skoðað prófíla annarra og séð hversu vel hver og einn notandi passar við þig. Þú getur valið að fá tilkynningar um leið og; einhver sýnir þér áhuga, einhver skoðar prófilinn þinn, þegar áhugi er gagnkvæmur og þegar einhver sendir þér skilaboð. Stefnumótasiðan sendir að auki vikulega sérvalda prófíla frá allt að tíu einstaklingum sem passa best við það sem þú ert að leita að þá stundina. Á deit.is getur þú valið þá notendur sem þér finnst koma til greina og ef áhuginn er gagnkvæmur er mögulegt að stofna til samskipta. Hægt er að spjalla við einstaklinga á þrjá vegu; í textaspjalli, í síma- eða tölvuspjalli eða í vídeospjalli.

Mánaðaráskrift

Það hefur aldrei verið jafn einfalt, þægilegt, skemmtilegt og árangursríkt að finna sér sálufélaga. Skráðu þig á deit.is strax í dag. Áskrift kostar ekki nema 999 kr. mánaðarlega og er hægt að segja upp áskriftinni hvenær sem er. Skráðu þig á deit.is og finndu réttu manneskjuna!



Komdu á deit

Helgarkrossgátan

		krossgátugerð: Bjarni sími: 845 2510					ill- kvítnar		skruggan	sögu- persóna		stefna				
							1	➔			➖					
mögla																
vefnaður										matast						
													↑		5	
fugl										röð peninga						
Teikning: DG eftirprentun bómuð	↓	fiskurinn	sund	næra	hjaðna stæður						↓					
litaðar						2 eins	4	þei, þei!								
röltir							↑				lost					
storm			eina til týna					svar óska								
beyg				til		svar	2		röð utan							
mælir						litlaus					slæmir					
álpast					ópétt	múlinn planta										
		greind	6	skvetta rangl							baldnar					
							↗	binda 2 eins								
	eyðir		staðan rengdar				10									
viðlagi						ófalsað	fóðra muldra									
	3	samtök		áttund		7		2 eins			bætir					
4 eins								vaður								
sortera								bolti ummerki			þor					
	gelda	tortryggir		bakki strita				hnuplaði	gjamm							
vía						fífl mánuður										
frá			kurr varðandi				9	vagga sperra								
þraut				dag- draumar			8									
útlíminna							happi									

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----

Sudoku

Auðveld

		4	8				5	
			5	3	8	1		4
					5			
8			3	5	1	7	4	
1	6	9			2		7	
		5	4	9				
5	1	6	2	9				4
4			2	6			1	5
					4	5	9	

Erfið

9			4		1	8	3	
				3	6		4	
	7							6
8					4			1
					3			
		1			7	4	9	8
4	9		1					
			2			6		
	1		3	6			7	

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið **krossgata@dv.is**



FORLAGIÐ

Vinningshafli krossgátu síðustu helgar er ...

**Hafdís Karlsdóttir
Dalsel 11**

109 Reykjavík

Lausnarorðið var **HESTVAGN**

**Hafdís hlýtur að launum
bókina Konan sem hvarf**

Vinningsbók er hægt að nálgast á skrifstofu DV að Suðurlandsbraut 14, 108 Reykjavík



**Í verðlaun fyrir gátu helgar-
blaðsins er bókin Gardrækt í sátt
við umhverfið**

Viltu rækta þínar eigin matjurtir og jafnframt leggja þitt af mörkum til umhverfis-
verndar? Það þarf ekki heila landareign til að rækta, lítil garður getur líka gefið mikið af sér.

Aukin umræða um sjálfbærni og uppruna matvæla hefur orðið ýmsum hvatning til að spreya sig á matjurtarækt. Gardyrkja verður auðveldlega að skemmtilegu áhugamáli og lífsstíl: Það er spennandi að fylgjast með jurtunum gægjast upp úr moldinni og fátt jafnast á við matjurtir úr eigin ræktun.

Halla Kjartansdóttir þýddi bókina og fjöldi sérfræðinga hefur lagað efni hennar að íslenskum aðstæðum.

zonníc®

Virkar á
1 mínútu



Zonníc peppermint munnhólsúði inniheldur nicotin, 1 mg/úða, og er lyfið notað til meðferðar við tóbaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

P G X V I D I Z Z Z D Q Z L H K N L Q
 K P E Z J C M A U Y R K J E I F L R R L
 I U Y V L O E I U F Q C V V T Y F S I V
 X H K R A R G F F H D S J S A L L A D C
 S I B W U R F L Y K D U J V P V L V N L
 P I L C R T M G V R I Ó V H K R Q T Y N
 T V O F E C S B U C N E A E E B S E M E
 W W A Q T Q L K E V A W L P Q P K P I A
 X C Q S W E I S A Y V K E R S G E W N Z
 P T Y C L E N R M B G T F X A M U H K G
 Ú Y F U L O P W D G L J R C A G C B I N
 S I S N B S R U K I E L U L E F U K E I
 L A I I K A F J Q Q S J I R O L A H T S
 A E E A B H Y F N A A R U V K T Z C L P
 K C K Y P S E E W O E Q D A K L S N W I
 G A E Q N I K V J T Q F N J T A I X J L
 P K I O B L G I W E C J M N M O Q X R A
 X K J C O Z K F P C E T R V A J G N Y S
 G I Q B D Q Z Q X U I E E J G S U K T W
 Y M V V Q X M H E O L R X D K D I N Y W
 G T O N C T W Q Q S A A Q A B G T M G B
 J P F L U G V B V U T H G L C O P M K K
 Y X V N A X J F B S K C M E Z R K C Q S
 M J M N G Q J B H C O E A O H T N X X D
 S M G N I F Y E R H E U R Z Q N J R O D

ARMBEYGJUR

BAKSTUR

EINLEIKUR

FELULEIKUR

HREYFING

HUGARLEIKFIMI

LESA

LITA

NETFLIX

PERLA

PÚSLA

SAMVERA

SJÓNVARPSKAKA

SKIPULAG

SPILA

SYNGJA

TEIKNIMYNDIR



30% afsláttur

GeoSilica[®]

ICELAND

Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu þurfum við að birgja upp ónæmiskerfið okkar. Af af þeirri ástæðu höfum við ákveðið að bjóða **30% afslátt** af okkar vörum. Þær innihalda steinefni, snefilefni og vítamín sem styrkja ónæmiskerfið.



- D-vítamín stuðlar að eðlilegri virkni ónæmiskerfisins
- Járn stuðlar að eðlilegri virkni ónæmiskerfisins
- Sink stuðlar að eðlilegri virkni ónæmiskerfisins
- Magnesíum stuðlar að eðlilegri virkni taugakerfisins

ÍSLENSKT

gjörir svo vel

Fæst í öllum helstu apótekum, heilsuhúsum, betri matvöruverslunum og www.geosilica.is

SVONA MASSA

■ Góð ráð fyrir 14 daga sóttkví ■ Haltu heilanum uppteknum og geðheilum

Það eru fordæmalausir tímar sem krefjast fordæmalausra lausna. Íslendingar og aðrir víða um heim hafa margir þurft að kúpla sig úr félagslegum aðstæðum og setja nýja reglu á fastar venjur. Við stöndum öll saman í þessari krísu og því erum við hér með góð ráð til að halda heilanum uppteknum og brjóta upp á einsleita daga. Regla númer eitt er að muna að þetta er aðeins tímabundið og er bráðnauðsynlegt að hafa trú á eigin getu.

Dagur 1 – Aðlagðu þig aðstæðunum

Fyrsti dagurinn hefur alla burði til þess að vera skemmtilegastur. Skyndilega hefur þú meiri tíma en vanalega og við fyrstu sýn er eins og allir möguleikar innan veggja heimilisins standi frammi fyrir þér. Þó er ekki best að hjóla strax í tiltektina sem þú átt eftir eða grípa til Netflix-þáttanna sem þig langar svo rosalega mikið að „hámmhorfa“ á. Nei, fyrsti dagurinn gengur út á rólegheitin. Þó sakar ekki að sortera smáræði af fatnaði eða sækja í léttan lestur. Ef þú ert með fríðum förunauti í sóttkví eru ýmsar leiðir til að svala þorstanum, svo fremi sem veirueinkenni séu enn í lágmarki.

Dagur 2

Þú ert orðin/n aðeins vanari því sem fram undan er. Nú er kominn tími til að útbúa lista yfir reglugerð komandi daga. Á degi tvö skaltu þó leyfa tónlistinni og sköpunargleðinni að ráða. Settu þinn uppáhaldslagalista í botn, hentu í einn bakstur og tjúttuðu úr þér vitnið á meðan þú hefur það. Það er ekki fyrr en á næstu dögum sem þú finnur fyrir því að þetta er og verður meira en bara löng helgi í heimasetu. En ilmi baksturinn vel mun það létta lundina.

Dagur 3

Settu þá reglu að forðast sjónvarpið. Sá tími mun sannarlega koma þegar allir skjáir heimilisins verða eins og blakboltinn hans Toms Hanks – þinn besti vinur. Þess vegna er mikilvægt að mjaka sér upp í skjátímanum og huga fyrst að því hve lífið getur verið dásamlegt í þeirri háskerpu sem við sjáum það með okkar eigin augum.

Dagur 4


Settu langtímamarkmið. Í dag er dagurinn. Annars mun heil vika geta liðið eins og tveir mánuðir. Punktaðu niður litlu rútínuskrefin, með tilliti til slökunar og listarinnar í að breytast í sófakartöflu með ákveðnu millibili. Þetta er líka góður dagur til að grípa í gamlan spilastokk og drepa einn eða tvo klukkutíma með einum slíkum. Það hefur róað margan manninn að leggja til dæmis kapal fyrir sjálfan sig. Prófaðu.

Dagur 5

Jæja. Þetta er tíminn til að „binga“ eitthvað, eða hámmhorfa. Takmarkalaust. Í aðeins einn dag mun sjónvarpsskjárin verða tilvera þín. Þá er fyrir öllu að halda áhorfslistanum sem fjölbreyttustum.

Dagur 6

Þú sefur af þér megnið af þessum degi eða tekur því rólega, en ekki of letilega eftir hámmhorfið. Góður dagur fyrir jógaæfingar.



Dagur 7

Þú tekur löng síma- og Messenger-spjöll við þína nánustu. Ef nánir vinir eða fjölskyldumeðlimir eru með þér í sóttkví, hveturðu þá til að gera hið sama. Það opnar hugann að tjá tilfinningar og viðurkenna fúslega ef þér leiðist.

Dagur 8

Nú ert þú formlega farin/n að hata heim-

ilið þitt. Þá er best að hlaða í eitt deitkvöld, annaðhvort með nánasta eða sóló. Dekraðu nú einhvern veginn við þig. Við erum rétt rúmlega hálfnuð. Það er fagnaðar efni út af fyrir sig. Áttu enn eitthvert efni í bakstur?

Dagur 9

Þú ert farin/n að vingast við öll tuskudýr heimilsins, jafnvel raftækin. Nú væri ráð að

skrifa niður sem flest sem snertir þína líðan, nöfn umræddra vina, tilfinningar eða jafnvel það sem þú hefur lært þessa rúmu viku þar sem heimurinn minnkaði töluvert. Að setja hlutina niður á pappír – eða í Word-skjal – getur fleytt geðheilsunni langan veg.

Dagur 10

Þú rifjar upp dansinn hans Daða og félaga. Nú sakar ekki að senda einlæg skilaboð á

VRÐU SÓTTKVI

” Nú ert þú formlega farin/n að hata heimilið þitt



alla góða kunningja sem hafa haft jákvæð áhrif á líf þitt utan veggjanna sem hamla þér. Dagur 10 er einnig dagurinn til að fiska eftir öllu mögulegu á veraldarvefnum og kynna þér eitthvað nýtt og framandi. Jafnvel opna eina eða tvær YouTube-rásir og fá kennslu heim í stofu, hvort sem það er á nýtt loft-hljódfæri eða þjálfar hæfileika sem þú getur sýnt vinum þínum eftir fjóra daga.

Dagur 11

Þú ferð í gegnum skápana á heimilinu til að meta það sem er til. Í kjölfarið byrjar þú að elska heimilið þitt hægt og rólega á ný. Bara örliðið. Að því gefnu væri fínt að spreyta sig á ljóðagerð.

Dagur 12

Þú íhugar að senda skilaboð á gamla óvini og „setla“ hlutina, en lætur það eiga sig. Gott ráð til að berjast gegn furðulegu heilaprumpi er að sippa. Ef ekkert sippuband er til á heimilinu má hoppa á staðnum.

Dagur 13

Búðu þér til lista yfir allt sem þig langar að gera utanhúss, svo framarlega sem það kemur heilsu þinni ekki aftur niður á núllpunkt.

Dagur 14

Það er ljós við endann á göngunum! Og þú

hefur fundið það. Hvort sem þú finnur fyrir því eða ekki, ertu gjörbreytt manneskja í dag en fyrir tveimur vikum. Reyndu að gleyma ekki þessum dögum.

Gott að hafa í huga almennt

- Þvoðu þér um hendurnar eins og þú fáið greitt fyrir það. Í minnst tuttugu sekúndur hverju sinni.
- Hnerraðu í olnbogann ef þess þarf.
- Mundu að þrifa hurðarhúna, lykkaþorð, borð og allt sem þú ert í reglulegri snertingu við.
- Ef þú pantar þér mat eða biður trausta manneskju um að koma einhverjum birgðum á þig, vertu viss um að það sé alltaf

skilið eftir í tveggja metra fjarlægð frá úti-dyrarhurðinni.

- Ef það hefur reglulega verið hluti af rútínunni að stunda líkamsrækt, búðu til dagskrá þar sem heimaæfingar taka við tímabundið.
- Ef það eru börn á heimilinu er mikilvægt að hlusta á þau. Líklega munu þau finna fyrir einhverjum ótta eða ráðaleysi.
- Vertu í sambandi við lækni ef þú finnur fyrir einkennum.
- Drekktu nóg af vatni.
- Hefurðu heyrt um Skype eða FaceTime? Það er afar gagnlegt á þessum tímum. ■

MI NOTE 10:

Mi Note 10 pakkar fimm myndavélum sem hver og ein hefur sitt fram á að færa - meðal annars 108MP myndflögu. Ekki nóg með það heldur kemur síminn með rísa stórra 5.260mAh rafhlöðu sem endist auðveldlega í 2 daga í mikilli notkun. Hvort sem þú ert atvinnu ljósmyndari eða að stíga inn í fullorðins árin, þá viltu ekki láta þetta tryllitæki framhjá þér fara!

YFIRHEYRSLAN

Linda Jóhannsdóttir hönnuður lýsir sjálfri sér sem litaglöðum húmorista. Merkið hennar, Pastelpaper, er að gefa út tvær nýjar mynda- og kortalínur sem munu eflaust fegra heimili landsmanna, en samhlíða fyrirtækjarekstrinum gerir Linda upp íbúð í Hlíðunum. Linda er í yfirheyrslu helgarinnar.

Hvar líður þér best? Í ævintýrum með skemmtilegu fólki, finnst ekkert skemmtilegra en að upplifa nýja hluti, sjá nýja staði, kynnast nýrri menningu og fólki.

Hvað óttastu mest? Að hafa ekki nægan tíma með þeim sem ég elska mest.

Hvert er mesta afrek þitt? Það eru til svo mörg klisjuleg, svo við þessari spurningu, reynum að forðast þau. Myndi samt segja mitt mesta afrek að elta drauma mína og standa upp þegar lífið fellir mig. Ég stofnaði Pastelpaper nýtskrifuð úr Listaháskólanum, það er ekki alltaf auðvelt að reka lítið hönnunarfyrirtæki á Íslandi, en enginn sagði að lífið yrði auðvelt.

Furðulegasta starf sem þú hefur tekið að þér? Vá, þau eru frekar mörg furðuleg, en ætli það furðulegasta sé ekki að vera syngjandi blómasendill.

Hver væri titillinn á ævisögu þinni? „She had fun“ og svo yrði að vera undirtitill sem ég læt þann sem skrifar bókina um að finna.

Hvernig væri bjórinn Linda? Það kom á markaðinn bjór um daginn sem heitir Linda B sem var næstum því næg ástæða til að byrja drekka bjór, en nei, því miður er hann jafn vondur og hinir, minn bjór væri því alls ekki bjór heldur kokteill í dós, „let's face it“, kokteilar eru bara meira „fun“.

Besta ráð sem þú hefur fengið? „Do it!“

Hvert er leiðinlegasta húsverkið? Að ryksuga, það er bara eitthvað við það að ryksuga sem fer alveg með mig, já, það og brjóta saman þvott, bara af því það er svo tímafrekt ef það er gert rétt og það verður að gera það rétt.

Besta bíómynd allra tíma? Það er ekki einhver ein, fer eftir degi og stuði, en ég horfi bara á myndir sem enda vel.

Hvaða hæfileika myndir þú vilja búa yfir? Að geta lesið hugsanir.

Hver er mesta áhætta sem þú hefur tekið? Mér finnst fátt vera áhætta, meira bara tækifæri sem ýmist ganga upp eða ekki, síðasta tækifæri sem ég ákvað að grípa var að kaupa íbúð sem hafði ekki verið snert í 72 ár og hafði verið í eigu sömu fjölskyldunnar frá því að hún var byggð. Er að gera hana alla upp, enda er hún virkilega komin til ára sinna og ég hef verið að pósta því skemmtilega ferli á Instagram fyrir þá sem hafa gaman af því að fylgjast með, finnið mig undir lindakjohannsdóttir á Instagram ef þið viljið sjá hvort hún verði einhvern tím-ann tilbúin.

Hvaða frasi eða orð fer mest í taugarnar á þér? Get ekki! Það er ekkert verra, afi minn er mín helsta fyrirmynd í lífinu og hann hefði aldrei sagt: ég get ekki. Flestir afar eru ofurhetjur í huga barnabarna sinna, en afi minn var ofurhetja og ekki bara í mínum augum. Þú getur allt sem þú vilt, stundum þarftu bara að berjast aðeins meira fyrir því og stundum er útkoman önnur en þú hélt.

Hvaða geturðu sjaldnast staðist eða ert góð í að réttlæta að veita þér? Ég er frekar góð í að réttlæta hluti, ævintýraferðir eru eitthvað sem alltaf er hægt að réttlæta.

Hvaða leynidraum áttu þér? Ég á mér marga drauma sem ég mun elta en leynidraumur minn er að vera leikari og grínisti, hvort ég elti hann veit ég ekki. En ég á mér tvö mottó, það er betra að sjá eftir hlutum sem þú gerðir en gerðir ekki og „Never regret things that once made you smile“, svo það er aldrei að vita hvort ég elti líka þann draum.

Hvað er á döfinni hjá þér? Ég er að gefa út tvær nýjar línur, þær áttu að koma út á HönnunarMars en honum er frestað en ég ætla samt að gefa þær út. Önnur heitir Colors of Iceland og er eins konar litakort fyrir Ísland og hinn er lína af ljósmyndum eftir mig. Það er hægt að sjá myndir inni á Instagram Pastelpaper.

Linda
Jóhannsdóttir




HAGBLIKK

Álpakrennur og niðurföll

Brotna ekki

Ryðga ekki

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt,
silvurgrátt og dökkrautt



Pakrennurnar eru frá GRÖNVIK VERK í Noregi
Þær eru einfaldar í uppsetningu

HAGBLIKK

Smiðjuvegur 4C • 202 Kópavogur • Sími 587 2202 • hagblikk@hagblikk.is • hagblikk.is

Kjöllinn frá Alexander McQueen en brúðkaupsferðinni frestað

Fjöllistakonan Elly Ármannsdóttir gengur í það heilaga í sumar og játast unnusta sínum, Hlyni Jakobssyni. COVID-19 faraldurinn hefur svo sannarlega sett strik í reikninginn í undirbúningnum, sem stendur nú sem hæst. Elly og Hlynur ganga upp að altarinu í Dómkirkjunni laugardaginn 13. júní en planið var að fljúga síðan á vit ástarinnar í Mílanó með barnaskarann. Brúðkaupsferðinni hefur hins vegar verið frestað vegna faraldursins.

„Ítaliuferðin verður ekki farin en við fáum að breyta miðunum,“ segir Elly, að vonum sár með að komast ekki í ferðina. Hún segir það þó litlu máli skipta í stóra samhenginu. „Svo lengi sem Hlynur mætir í kirkjuna þá skiptir allt annað engu máli.“

Aðspurð hvernig undirbúningurinn fyrir stóra daginn gangi segir Elly hann ganga vonum fram, en í vikunni fékk hún kærkomna hjálp frá systur sinni, Eik Gísladóttur, með það sem veldur mörgum verðandi brúðum hugarangri – sjálfan brúðarkjólinn.

„Eik systir lánaði mér kjól. Hún keypti hann í Harvey Nichols í Manchester fyrir mörgum árum og hann smellpassar á mig,“ segir Elly himinlifandi. „Svo verð ég í strigaskóm, sandölum eða berfætt. Kjöllinn er frá einhverju svaka merki – Alexander McQueen. Kate Middleton er alltaf í Alexander McQueen. Hann er kremadur á litinn, úr silki og afskaplega þægilegur,“ segir Elly, full tilhlökkunar fyrir sumarbrúðkaupinu.



Neyðar-Línan í loftið

Áhrifavaldurinn Lína Birgitta tilkynnti á Instagram í vikunni að bráðlega myndi hún byrja með hlaðvarp sem ber nokkuð skemmtilegan titil, nefnilega Neyðar-Lína. Á Instagram segir Lína að hlaðvarpið verði uppbyggilegt og bjóði hlustendum upp á góð ráð sem veganesti inn í lífið. Fyrsti þátturinn er um líkamsímynd, sem Línu finnst ekki nóg talað um. Ein besta vinkona Línu, sjálf þrífnaðardrottningin Sólrún Diego, átti hugmyndina að nafni hlaðvarpsins. Skemmtilegt orðagrín.



Klassa druslu slegið á frest

Íslenska gamanmyndin Hvernig á að vera klassa drusla hefur bæst í hóp væntanlegra kvikmynda sem búið er að fresta. Þetta er fyrsta íslenska verkið sem hefur orðið fyrir höggi COVID-19 og hefur ekki enn fengist staðfesting á nýjum frumsýningardegum. Upphaflega stóð til að frumsýna myndina 3. apríl. Hvernig á að vera klassa drusla segir frá tveimur ólíkum vinkonum og uppákomum þeirra þegar þær fara að vinna á sveitabæ yfir sumarið. Myndinni er leikstýrt af Ólöfu Birnu Torfadóttur.



Loki



HEIMSENDING SEM HENTAR ALLTAF VEL

SPARITILBOÐ A

- Stór pizza af matseðli
- 2 lítra gos
- Stór skammtur af brauðstöngum og sósa

4.290 KR.

SPARITILBOÐ B

- Pizza af matseðli, miðstærð
- 2 lítra gos
- Stór skammtur af brauðstöngum og sósa

3.890 KR.

PÖNNUTILBOÐ 1

- Pönnupizza af matseðli
- 2 lítra gos
- Stór skammtur af brauðstöngum og sósa

4.290 KR.

* Gildir fyrir klassískan, ítalskan og laufféttan (vegan) botu.

MATARBOD

- Tvær stórar pizzur af matseðli
- Tvö meðlæti að eigin vali
- Tvær sósur að eigin vali
- 2 lítra gos

5.990 KR.

HÓPATILBOÐ

- 2 stórar pizzur með 2 áleggstegundum
- Stór skammtur af brauðstöngum og sósa
- Gott að eigin vali

4.990 KR.

+3.000 KR. PÖNTUN

Ef verslað er fyrir 3.000 kr. eða meira er heimsending innifalin í þortuninni.

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP | 58 12345